




SKOÐUN Næsti fjármálaráðherra þarf að vera þungavigtarmanneskja í fjármálum, skrifar Pawel Bartoszek. **17**




MENNING Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingkona sinnir dómgæslu í frí-stundum. **38**



SPORT Grétar Ingi Erlendsson byrjaði aftur í körfunni og létti sig um 55 kíló á tæpum tveimur árum. **34**

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!
93%
Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

8. febrúar 2013
33. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ



Læt ekkert stoppa mig

Hanna Rún Óladóttir í fjarlegu viðtali um dansinn, kjaftasögurnar og háleit markmið.

FRÉTTIR

Auka öryggi á Snorrabraut

Útbúa á þrengingar á Snorrabraut sem er ein af hættulegustu götum borgarinnar. **2**

Dæmði fyrir skattalagabrot

Hæstiréttur dæmði Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggva Jónsson og Kristínu Jóhannesdóttir í skilorðsbundið fangelsi. **6**

50 þúsund tonn í heild hafa 10 þúsund af dauðri síld fundist í Kolgrafafirði. **10**



Bolungarvík	0°	☁*	ASA	6
Akureyri	3°	☁	SA	5
Egilsstaðir	-1°	☁	SSA	6
Kirkjubæjarkl.	0°	☁	NA	4
Reykjavík	3°	☁	SSA	8

Úrkoma og strekkingsvindur sunnan- og vestanlands og talsverð rigning í kvöld en nokkuð bjart fram eftir degi norðaustan til. Hlýnar. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk



Læknar íhuga uppsagnir

Meira en fjórðungur lækna tekur að sér aukavinnu hér á landi í frí-stundum og 17 prósent erlendis. Almennir læknar vilja bætt kjör og starfsaðstæður. Uppsagnarfrestur þeirra er einn mánuður. Nokkrir eru þegar hættir.

HEILBRIGÐISMÁL Læknar hafa bæst í hóp heilbrigðisstétta sem krefjast úrbóta á launum og vinnuáðstöðu, sérstaklega á Landspítalanum.

„Uppsagnir eru byrjaðar,“ segir Ómar Sigurvin Gunnarsson, formaður Félags almennra lækna, en það eru læknar sem eru í sérnámi eftir að hafa lokið sex ára háskólanámi. Á bæklunarskurðdeild Landspítalans hafi til dæmis allir almennir læknar sem voru í fastri vinnu sagt upp störfum, en þær uppsagnir taka gildi um næstu mánaðamót. Fyrirsjáanlegt sé að vegna þessa þurfi að draga úr þjónustu á deildinni. „Aðalástæðan þar var að ekki var ráðið í stöður annarra sem hættu. Þeir

áttu að gegna störfum sem sex til sjö sinntu áður.“

Ómar segir einnig dæmi um að reyndir sérfræðilæknar hafi sagt upp. „Við höfum líka varað við því að þeirra aðstæður séu ekki heldur boðlegar. Þar eru of fáir læknar að sinna of miklum verkefnum.“

Almennir læknar héldu baráttu-fund síðasta miðvikudagskvöld þar sem mættu 60 til 70 prósent úr þeirra hópi, auk læknanema og kandiðata. „Á síðustu vikum og mánuðum hefur keyrt um þverbak varðandi álag,“ segir Ómar, sem telur nauðsynlegt að leggja línur um hversu mikla vinnu megi leggja á lækna, til dæmis hvað varðar fjölda sjúklinga á vakt. Hann bendir á að

“Fólk er að kikna undan álagi og í stórum stíl að hugsa sér til hreyfings. Þegar það gerist þá gerist það hratt því við höfum bara mánuð í uppsagnarfrest.“

Ómar Sigurvin Gunnarsson, formaður Félags almennra lækna

í „óvissustigi“ á Landspítalanum nýverið vegna óvenjumikilla veikinda hafi verið kallaður til viðbótarmannskapur allra heilbrigðisstétta nema lækna. „Fólk er að kikna undan álagi og í stórum stíl að hugsa sér til hreyfings. Þegar það gerist þá gerist það hratt því við höfum bara mánuð í uppsagnarfrest.“

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, telur að hlutfall lækna sem vinna aukavinnu hafi hækkað töluvert. Í könnun

félagsins í nóvember meðal 1.113 starfandi lækna með lögheimili hér á landi kom í ljós að sautján prósent þeirra taka að sér störf erlendis í frítíma sínum og 26 prósent vinna aukavinnu hér á landi. Svarhlutfall í könnuninni, var 45 prósent.

„Launakjörin eru orðin mikið lakari en þau voru fyrir nokkrum árum,“ segir Þorbjörn en bætir við að einnig séu dæmi um að læknar leiti til útlanda til að viðhalda sérfræðipækkingu sinni. - óka



Á HEIMLEIÐ Hundarnir hans Benedikts nutu sólarblíðunnar og fundu ekki fyrir kuldanum á ferð sinni í gær. Þeirra eru þó fótisárir og eru í sérstökum skóm.

Hugmyndaríkur Selfyssingur: Hendist um á hundakerru

FÓLK Benedikt Magnússon heldur átta husky-hunda á Selfossi sem hann beitir fyrir vagn og þeysist um nærliggjandi sveitir.

„Það er enginn snjór núna þannig að maður verður að eiga vagn. Það eru vandræði hvað snjóar lítið,“ segir Benedikt, sem hefur hundana átta í bílskúrnum en hann og kona hans hyggjast kaupa sér hús fyrir utan bæinn.

„Ég nota hundana bara sem vinnudýr og reyni að þjálfa þá þrjá til fjóra daga í viku en þeir verða að fá að hvíla sig vel á milli. Ég þvælist um allt, fer niður í Gaulverjabæ, og reyni að fara um 50 kílómetra hring.“

Benedikt segir að þetta sé dýrt áhugamál en haldnar eru um þrjár vetrarkeppnir í hunda-sleðaakstri hér á landi. „Ég vonast til að það verði svolítil menning í þessu, svipað og hjá Norðurlandabýðunum þar sem mörg hundruð keppendur eru í hverju móti.“ - kóp

Brottrekinn skipverji læðist með veggjum og bæjarstjórinn boðar aðgerðir: Bæjarstarfsmenn í fíkniefnapróf

SAMFÉLAGSMÁL „Og ef svo fer sem horfir verður Ráðhúsið í Vestmannaeyjum ekki undanskilið,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum um fíkniefnapróf meðal Eyjamanna.

„Tilgangurinn er að senda þau skýru skilaboð að hvorki neysla né sala fíkniefna sé samfélagslega viðurkennd,“ segir Elliði bæjarstjóri og boðar aukna viðleitni í þessum efnum. „Við ráðum sumarstarfsfólk í hundraða tali. Það kann vel að vera að í ráðningarsamningum þeirra verði getið um að það sé heimilt að mæla fyrir ólöglegum lyfjum.“

Elliði segir vímuefnavandann í Vestmannaeyjum síst verri en annars staðar. „Hins vegar búum við það vel að við erum mjög náð samfélag þar sem samfélagsleg vitund er mjög mikil. Það er sá styrkur sem við hyggjumst reyna að nota,“ segir bæjarstjórinn.

Einn skipverja Vinnslustöðvarinnar sem féll á lyfjaprófi og var rekinn segist nú læðast með veggjum. „Það eru náttúrulega allir að smjatta á þessu hérna í bænum. Mannorðið er farið,“ segir skipverjinn. - gar / sjá síðu 4



SÉRVERKEFNI

- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steintepparþrif



www.iss.is

Cocktail Y.is
Veisluþjónusta
Ráðstefnuþjónusta
Glæsileg pinnaborð
Brúðkaup - Fermingar
Árshátíðir - Afmæli

Sími: 899-8994
Lionssalurinn Lundur
cocktail@cocktail.is
cocktail.is • salur.is

SÓFAR MARGAR GERÐIR
PÚÐAR 3 FYRIR 2
the PIER
SMÁRATÓRÍ • KORPUTÓRÍ • BLEIÐATÓRÍ

EVE

DUST 514

S14

ÖRRISTAR

HARPA, 8.-9. FEBRÚAR

Í TILFNI AF UTMESSUNNI BYÐUR CCP TIL DUST 514 ÖRRUSTU Í NORÐURLJÓSSASAL HÖRPU.

PRUFABU DUST 514 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ PLAYSTATION®3 Í BOÐI CCP OG SENU.

// FÖSTUDAGINN 8. FEBRÚAR KL 10:00 - 18:00 // LAUGARDAGINN 9. FEBRÚAR KL 10:00 - 16:00

ALLIR VELKOMNIR - FRÍR AÐGANGUR*



WWW.DUST514.COM // WWW.UTMESSAN.IS

*ALDRISTAKMARK 16 ÁR NEMA Í FYLGD MEB FULLORÐNUM



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



nýr verso

betri fjölskyldubíll

fyrir besta þabba í heimi

þabbi



NÝR VERSO

Frábær fjölskylda á skilið að eiga frábæran fjölskyldubíl. Þess vegna bjóðum við nýjan sjö sæta Verso með framúrskarandi tæknibúnaði, „Easy Flat“ kerfinu - leikur einn að leggja niður aftursætin og stækka farangursrýmið - frábæra aksturseiginleika og Touch kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma. Nýr Verso sameinar glæsilega hönnun og öruggan akstur og fékk 5 stjörnur í Euro NCAP öryggisprófunum.

Nýr Verso er bíll sem er sniðinn fyrir barnafjölskyldur og fólk sem þarf rúmgóðan bíl fyrir áhugamálin og útivistina.

Verso 7 sæta - verð frá 5.180.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



VISSIR ÞÚ AÐ

 16" WILSONS PIZZAN

ER 40% STÆRRI 

EN STÓR DOMINOS PIZZA



samkvæmt mælingum DV þann 23 jan þar sem Dominos pizzan mældist 13,5". Uppgefin stærð er 14,5" sem gerir 16" Wilsons pizzuna 22% stærri

af því tilefni verðum við með **40%** afslátt af öllum pizzum af matsedli yfir helgina!



dæmi..

16" Rambo

Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2780~~

1674

kr.



16" Hawaiian

Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2080~~

1254

kr.



16" Double pepp

Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litid)

~~2380~~

1434

kr.



581 15 15

Ánanaustum

Gnodavogi 44

wilsons.is



Eddufelli 6

Vesturlandsvegi

NORÐURLÖND




Lögreglumaður bjargaði hundi

1 DANMÖRK Lögreglumaður í Danmörku á á hættu að missa starfið eftir að hafa sótt schäferhund, sem átti að aflífa, á hundaræktarþú og falið hann. Hundurinn, sem heitir Thor og er sjö ára, hafði bitið líftinn hund í eyrað.

Samkvæmt nýjum dönskum hundalögum er áráð á aðra hunda lögð að jöfnu við áráð á fólk. Áráð á önnur dýr en hunda er ekki álitin jafnalvarleg. Danskir fjölmiðlar greina frá því að Þjóðverjar hiki við að eyða sumarfrí sínu í Danmörku af ótta við að hundar þeirra verði aflífaðir.

Mest fjölgun í Stokkhólmi

2 SVÍPÞÓÐ Stokkhólmur og Ósló eru þær borgir sem stækka hraðast í Evrópu, að því er greint er frá á vefnum metro.se. Þar segir að næstum allir nýir á vinnumarkaðnum í Svíþjóð haldi til Stokkhólms. Talið er að fram til 2020 muni Stokkhólmsbúum á aldrinum 20 til 64 ára fjölga um 153 þúsund. Yfirvöld í Stokkhólmslæni telja að vinnumarkaðurinn þurfi 200 þúsund manns fram til ársins 2020.



Gagnrýna Finna vegna fangaflugs

3 FINNLAND Mannréttinda-samtökin Amnesty gagnrýna hvernig finnsk yfirvöld tóku á fangaflugi CIA, bandarísku leyniþjónustunnar. Í skýrslu bandarísku samtakanna Open Society er sendiherra Bandaríkjanna sagður hafa þakkað fyrir þátt utanríkisráðherra Finnlands, Erkki Tuomioja, í því að draga úr umfjöllun fjölmiðla. Umboðsmaður finnska þingsins rannsakar nú þátt Finnlands í fangafluginu.

Samkynhneigt par frá Úganda gifti sig í Svíþjóð en á nú aðskilnað á hættu:

Annar fékk hæli en hinn ekki

SVÍPÞÓÐ Tveir menn sem segjast vera fyrsta samkynhneigða parið frá Úganda til að ganga í hjónaband eiga nú á hættu að verða aðskildir á nýjan leik. Annar hefur fengið hæli í Svíþjóð en hinum var neitað. Mennirnir giftu sig í Svíþjóð fyrir nokkrum vikum.

Lawrence Kaala og Jimmy Sserwadda voru par í Úganda en Sserwadda flúði landið án vitneskju Kaalas árið 2008. Þá hafði hann verið handtekinn og laminn fyrir samkynhneigð. Hann segist ekki hafa þorað að segja manni sínum frá flóttanum. Sserwadda komst til Svíþjóðar og fékk hæli þar. Undanfarnin ár hefur hann beitt sér mikið í málefnum hinsegin fólks og árið 2011 sá Kaala mynd af honum í sænsku blaði, en hann hafði þá einnig flúði til Svíþjóðar. Kaala hringdi í Sserwadda og þeir ákváðu fljótlega að ganga í hjónaband.

Hælisúmsókn Kaala var hafnað og hann ætlar að áfrýja þeim úrskurði. „Þeir trúu ekki sögunni hans,“ sagði Sserwadda við sænsku vefsíðuna The Local. „Hann getur ekki farið aftur þangað [til Úganda]. Hann yrði handtekinn strax.“

Mennirnir vinna nú að áfrýjun málsins.

- þeb



SAMKYNHNEIGÐIR OFSÓTTIR Mennirnir segjast báðir hafa orðið fyrir ofsóknum í heimalandinu Úganda vegna kynhneigðar sinnar.

NORDICPHOTOS/AFP

→ Danska húsnæðislánakerfið



ASÍ vill nýtt húsnæðiskerfi

ASÍ kynnti í gær hugmyndir að húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. Fastir vextir í stað verðtryggingar og áhættu dreift milli lántaka og lánveitanda.

HÚSNÆÐISMÁL Alþýðusamband Íslands kynnti í gær hugmyndir að húsnæðiskerfi að danskri fyrirmynd. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að það sem skipti sköpum í danska kerfinu sé að áhættan sé jöfn fyrir bæði lántakendur og fjármagnseigendur en við núverandi kerfi héraðs sé nær öll áhættan hjá lántakanda. Endurskoðun á húsnæðislánakerfinu er þörf, sérstaklega í kjölfar efnahagshrunsins að sögn ASÍ.

Danska húsnæðislánakerfið byggir á því að íbúðarkaupandi kaupir hús með húsnæðisveðláni frá húsnæðisveðlánastofnun. Stofnunin fjármagnar síðan lánið með því að gefa út skuldabréf sem er selt á skuldabréfamarkaði. Fjárfestar kaupa í kjölfarið skuldabréfin og húsnæðislánastofnunin greiðir síðan andvirði lánsins til fasteignakaupandans. Kaupandinn greiðir svo afborganir með vöxtum til húsnæðislánastofnunarinnar sem greiðir áfram til fjárfesta. Húsnæðisstofnanirnar mega þó aðeins sýsla með húsnæðis-skuldabréfaútgáfu til sölu á skuldabréfamarkaði.

Nýtt kerfi gefur húsnæðis-kaupendum valkost um hagstæð lán sem byggja á föstum nafnvöxtum í stað verðtryggðra lána, segir ASÍ. Danska húsnæðislánakerfið hafi staðið af sér byltingar, kreppur og styrjaldir í rúmlega 200 ár.



„Það er ekkert nýtt að við tökum danska löggjöf og umbreytum henni í löggjöf fyrir okkur“

Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Kerfið býður upp á að einstaklingar og heimili njóti sömu vaxtakjara og aðrar fjármála-stofnanir. Nafnvextir ráðast af skuldabréfamarkaði sem yrði gagnsærri en nú er. Þannig verða sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lána afnumin.

„Það er ekkert nýtt að við tökum danska löggjöf og umbreytum henni í löggjöf fyrir okkur,“ segir Gylfi Arnbjörnsson. Danska leiðin stuðlar að meiri efnahagslegum stöðugleika að mati Gylfa en kæmi þó ekki í veg fyrir að hér yrði til eignabóla.

Húsnæðislánakerfið að danskri fyrirmynd er hannað með það að leiðarljósi að heimili og einstaklingar geti búið við öryggi í fjármögnun húsnæðis með tilliti til lánstíma, vaxta og afborgunar-skilmála, að sögn ASÍ.

- mlæ

ÚTSALA

Allt að 40% afsláttur !

Heilir sturtuklefar

Verð frá kr.37.900

Sturtuhorn m/botni

Verð frá kr.21.900

Sturtuhurðar

Verð frá kr.19.900

Sturtuveggir 6-10mm

Verð frá kr.21.900

Baðkarshlífar

Verð frá kr.10.900

Baðinnréttingar

allt að 70% afsláttur

Yfir 40 mismunandi

innréttingar í sýningarsal

Verð frá kr.12.900

Speglar með ljósum

allt að 50% afsláttur

www.i-t.is



* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opíð virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *

Framkvæmd danska kerfisins

Íbúðarkaupandi fjármagnar kaup á íbúð með húsnæðisveðláni (láni með veði í þeirri eign sem hann kaupir) frá húsnæðisveðlánastofnuninni. Stofnunin fjármagnar lánveitinguna með útgáfu húsnæðisskuldabréfs sem hún selur á skuldabréfamarkaði. Húsnæðisskuldabréfið er tryggt með þeim húsnæðisveðlánum sem að baki því býr. Það sem fæst fyrir skuldabréfið, að frádregnum kostnaði og stimpilgjöldum til ríkisins, fær lántakinn í hendur. Ef skuldabréfamarkaðurinn er liflegur og mikil eftirspurn fæst gott verð fyrir bréfið en ef markaðurinn er í lægð fæst ekki gott verð og lántakan er ekki eins hagstæð.

netto

Kræsingar & kostakjör



SALTKJÖT - VERÐ FRÁ **199** KR/KG

BLANDAÐ 1.087 KR/KG | ÓDÝRT 489 KR/KG | SÍÐUBITAR 199 KR/KG

**NÝR HOLLUR
KRAKKADRYKKUR
FRÁ LATABÆ
KYNNING FRÁ
KL. 13:00-17:00
Á LAUGARDAG**



**SOLLA OG ÍPRÓTTA-
ÁLFURINN MÆTA Í
NETTÓ MJÓDD
KL. 16:00
Á LAUGARDAG
OG SKEMMA
BÖRNUNUM**

**ÞORSKBITAR
ROÐ & BEINLAUSIR**



779

ÁÐUR 1.298 KR/KG

**EPLI RAUÐ
MACINTOSH - 1.36 KG**



50% AFSLÁTTUR

285

ÁÐUR 569 KR/PK

**TOSCANA BRAUÐ
BAKE OFF**



175

ÁÐUR 349 KR/STK

50% AFSLÁTTUR

**JÓGÚRTBRAUÐ
BAKE OFF**



50% AFSLÁTTUR

199

ÁÐUR 398 KR/STK


Tilboðin gilda 7. - 10. feb.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

MÁLIÐ Í HNOTSKURN: SÍLDARDAUÐINN Í KOLGRAFAFIRÐI

Síldardauðiinn 50.000 tonn í heild

Um 22.000 tonn drápu í seinni síldardauðanum í Kolgrafafirði, er mat Hafrannsóknastofnunar sem útilokar ekki frekari fiskdauða. Grútarblautir fuglar eru teknir að finnast í firðinum. Áætlanagerð og rannsóknir eru viðfangsefni sérfræðinga og stofnana næstu daga og vikur.



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Mat Hafrannsóknastofnunar er að 22.000 tonn af síld hafi drepist í Kolgrafafirði þann 1. febrúar síðastliðinn. Eins og kunnugt er drápu um 30.000 tonn af síld í firðinum 13. desember og því ljóst að meira drapst þessa tvo daga en síldveiði fiskveiðisársins 2011/2012, eða rúmlega 50.000 tonn.

Í niðurstöðum Hafró kemur fram að vegna rotnunar síldar geta myndast aðstæður sem viðhalda lágum súrefnisstyrk í firðinum og „því gæti áframhaldandi hætta verið til staðar á næstu vikum fari fiskur inn á svæðið í miklu magni“.

Í nýrri samantekt Náttúrustofu Vesturlands (NV) um síldardauðann kemur fram að eftir seinni síldardauðann hefur áhættan fyrir fuglalíf margfaldast þar sem margir fuglar sækja í fersku síldina í fjörum og fá þá í sig grút af dauðu síldinni frá í desember. Á síðustu dögum hafa sést grútarblautir fuglar; meðal annars langvía, hvítmáfur og tjaldur, og er viðbúið að á næstu vikum muni talsverður fjöldi fugla blotna í síldarfitunni, er mat líffræðinga NV.

Að mati líffræðinga NV er nauðsynlegt að vinna viðbragðsáætlanir nú þegar sem taka til hreinsunarstarfs ferskrar síldar og grútar, aðferða til að varna ferðum síldar inn í fjörðinn og vöktunar fuglalífs, fiska, botndýra og eðlisþátta sjávar, auk vöktunar á menguninni sem fylgir niðurbroti síldarinnar.

Eins að koma þurfi upp ásættanlegri aðstöðu til fuglaþvottar og huga þurfi að vernd æðarvarpa á svæðinu þegar líður að vori. „Síðast en ekki síst er mikilvægt að rannsaka í kjölinn hvaða áhrif vegfylling og brú yfir fjörðinn höfðu á þessa atburðarás,“ segir í samantekt NV.

→ Svartbakar úr 8 fuglum í 10.000

- Talningar úr Kolgrafafirði og Hraunfirði síðastliðin 13 ár sýna öfgarnar í náttúrunni. Í talningum fyrri ára var algengast að heildarfjöldi fugla væri 1.000 til 2.000 á þessu svæði. Í vetrarfuglatalningu voru þeir um 25.000 talsins.
- Á árunum 2000-2005 var meðalfjöldi svartbaks í Kolgrafafirði og Hraunfirði átta fuglar. Nú voru svartbakar meira en þúsund sinnum fleiri eða, 10.000 talsins á talningarsvæðinu.



- Fuglatalningar síðustu vikur hafa sýnt að tugþúsundir fugla hafa flykkst inn á sunnanverðan Breiðafjörð vegna mikils framboðs fæðu þar, og er nú svo komið að nokkuð hátt hlutfall af landsstofni sumra tegunda heldur sig á svæðinu. Bráðabirgðaniðurstöður benda til að fjöldi fugla með ströndinni frá Stykkishólmi að Búlandshöfða hafi verið um 90 þúsund í seinni hluta janúar.

→ Kolgrafafjörður

- Kolgrafafjörður er mjög lokaður og renna liggur undir brúna, sem er 10 til 12 metra djúp, og er hún aðaltengingin við ytri fjörðinn [Urthvalafjörður].
- Dýpið í innri hluta fjarðarinnar er mest tæplega 40 metrar og umhverfis það er nokkuð svæði sem er dýpra en 10 metrar.
- Að öðru leyti er fjörðurinn umlukinn grynningum; þær og tangar skilja innri fjörðinn frá

- þeim ytri en á grynningunum liggur m.a. vegfyllingin að brúnni.
- Gróflega áætlað er um helmingur botnsins í Kolgrafafirði á meira en 10 metra dýpi og um fjórðungur á meira en 20 metra dýpi. Því er aðeins lítil hluti af firðinum utanverðum á meira en 30 metra dýpi.

Breiðafjörður



Kolgrafafjörður var þverður 2004; brúin er 230 metra löng með 150 metra breiðu virku vatnsopi.

→ Skýringar síldardauðans

- Það er talið næsta öruggt að síldin hefur drepist vegna súrefnisskorts en hliðverkandi þættir spila þar inn í. Súrefnismettun í firðinum er sú lægsta sem hefur mælst í sjó hér við land. Síldin drapst í bæði skiptin þegar veður var kalt og kyrrt.


- Nú beinast augu manna að þverun fjarðarinnar og hvort það sé hluti skýringarinnar. Þar hefur ekkert verið sannað; fjölmargir fullyrða að svo hljóti að vera. Vegagerðin telur að vatnskiptin í firðinum séu svipuð og fyrir þverun. Stofnanir munu rannsaka þennan þátt sérstaklega á komandi mánuðum.

DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR
<ul style="list-style-type: none"> 13. Síld drepst í Kolgrafafirði í stórum stíl. 14. Fólk safnast saman til að tína síld í fótur. 17. Bátur á vegum Hafró að kanna dreifingu síldar í firðinum. 18. Hafró í Kolgrafafirði við rannsóknir. Mælingar sýna lægstú súrefnismettun sem mælst hefur í sjó við Ísland. Dauði síldar metinn allt að 30.000 tonn. 	<ul style="list-style-type: none"> 1.-3. Bændur í Kolgrafafirði segja frá mikilli grútarlykt í firðinum. 10. Hafró við framhaldsrannsóknir í Kolgrafafirði. 11. Umhverfisstofnun við vettvangskönnun í Kolgrafafirði. 11. Hafró við framhaldsrannsóknir í Kolgrafafirði. 16. Umhverfisstofnun sendir frá sér ályktun um málið og um mögulegar aðgerðir. 17. Hafró við framhaldsrannsóknir í Kolgrafafirði. 	<ul style="list-style-type: none"> 1. Síld drepst í Kolgrafafirði í annað sinn. Síld rekur á fjörur við vestanverðan fjörðinn. 2. Starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands við vettvangskönnun. Meta magn dauðrar síldar á fjöru um 7.000 tonn á 2,5 kílómetra kafla. Margfalt meira magn á fjörum en í desember. 4. Hafró við mælingar á dauðri síld. Ljóst að minna er dautt á botni fjarðarinnar. Landvernd hvetur stjórnvöld til tafarlausrar aðgerða vegna síldardauðans. 5. Málið tekið upp á ríkisstjórnarfundum - tillagan samþykkt. Krakkar úr 5.-10. bekk í Grunnskóla Grundarfjarðar tína 25 tonn af síld af fjörum.

377.000 TONN

6,5 milljarðar
Útflutningsverðmæti 10.000 tonna af íslenskrum sumargots-síld eru 1,1 til 1,3 milljarðar króna. Því gæti verðmæti síldarinnar sem hefur drepist lagt sig á 5,5 til 6,5 milljarðar króna.

100+ tonn
Magn síldar sem tínt hefur verið af fjörunni: Yfir 100 tonn, þar af krakkar í Grundarfirði 25 tonn. Leikmenn nokkurra íþróttafélaga tíndu tugi tonna í gær.



GRAFÍK/JÓNAS



Naust Marine & MP banki Viðskipti sem vinda upp á sig

Naust Marine býður umhverfisvænar, sérhæfðar togvindur fyrir útgerðir um allan heim — byggðar á gömlu verkviti og reynslu. Engan glussa, takk! Þau vita sem er, að velgengni krefst reynslu og sveigjanleika.

Þess vegna er Naust Marine í viðskiptum hjá okkur.



Opel hlaut þann heiður að eiga
bíl ársins 2009 og aftur 2012



Opel Astra

Eyðsla 5,5 l/100 km**

1,4 bensín, beinskiptur

Verð nú 3.390.000 kr.*

Verð áður 3.690.000 kr.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur



OPEL ASTRA

LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM BÍLUM!

Einstakt tækifæri í febrúar.

Opel Astra GTC

Eyðsla 5,7 l/100 km**

KYNNINGARVERÐ 5.420.000 kr.*

140 hestöfl - Turbo

Með 18" álfelgum og leðurinnréttingu



Opel Astra Wagon

Eyðsla 4,0 l/100 km**

1,7 dísil, 6 gíra, beinskiptur

Verð nú 4.240.000 kr.*

Verð áður 4.590.000 kr.



TILBOÐ

Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum í febrúar!

Opið laugardag frá 12-16



Wir leben Autos.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000 **B/L**

facebook.com/opelvinir

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði. **Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.

Samkeppnisvandi á fjármálamarkaði

Samkeppniseftirlitið kynnti í gær skýrslu um samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Stofnunin telur samþjöppun á markaðnum of mikla og rekstrarkostnað háan í alþjóðlegum samanburði. Þá hefur stofnunin einnig áhyggjur af aflsmun stóru bankanna og minni fjármálafyrirtækja.

SAMKEPPNISMÁL Ýmis hættumerki eru á fjármálamarkaði að mati Samkeppniseftirlitsins. Mikil samþjöppun á markaðnum og hár rekstrarkostnaður bankanna eru meðal þess sem stofnunin telur að hamli samkeppni á markaðnum.

Stofnunin kynnti í gær nýja skýrslu um fjármálamarkaðinn sem ber nafnið Fjármálaþjónusta á krossgötum á opnum fundi á Hótel Sögu. Fréttablaðið fjallaði í gær um þá niðurstöðu skýrslunnar að rekstrarkostnaður bankakerfisins sé hár í alþjóðlegum samanburði og hafi farið ört hækkandi á síðustu árum.

Benedikt Árnason, aðalhafgræðingur Samkeppniseftirlitsins, fjallaði um þessa stöðu á fundi stofnunarinnar í gær og hvatti til hagræðingar í bankakerfinu. Sagði hann neytendur greiða fyrir stöðuna með háum vaxtakostnaði og óhagstæðum viðskiptakjörum.

Peir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, og Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, kvöddu sér báðir hljóðs í kjölfarið á fundinum. Sögðu þeir að skýrslan væri þörf en fannst samþurður á rekstrarkostnaði bankakerfisins við mun stærri bankakerfi villandi.

Sagði Steinþór að aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði væru að mörgu leyti sérstakar. Þá benti hann á að markaðurinn væri lítill, eftirlitskostnaður hefði aukist mikið á skömmum tíma og þá hefðu yfirtökur bankanna á minni fjármálastofnunum kostað sitt.

Ein tillaga sem oft hefur verið nefnd til að stuðla að aukinni hagkvæmni á fjármálamarkaði er samruni tveggja af stóru bönkunum þremur. Samkeppniseftirlitið telur það ekki koma til greina enda myndi slíkt skerða samkeppni enn frekar.

Í skýrslunni kemur einnig fram að stóru viðskiptabankarnir hafi verið í lykilhutverki í viðskiptalífnum á síðustu árum í gegnum kröfur sínar á skuldsett og nýendurskipulögð fyrirtæki. Telur stofnunin að sú staða bjóði upp á hringamyndun og stofnun stórra samkeppnishamlandi viðskiptasamsteypa en tekur þó fram að á þessu stigi verði ekki séð að slíkt hafi gerst.

Hins vegar kom fram í máli Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, í gær að ljóst væri að bankarnir hefðu nýtt ítök sín til að tryggja fyrirtækjaráðgjöfum sínum verkefni. Hyggst stofnunin því fylgjast náið með útbodum á slíkum verkefnum á næstunni og ef nauðsyn krefur bregðast sérstaklega við.

Þar fyrir utan telur Samkeppniseftirlitið að mikils aflsmunar gæti milli stóru bankanna og minni fjármálafyrirtækja. Bankarnir njóti góðs af heildstæðu þjónustuframboði og sterkum tengslum við viðskiptavinum. Þess vegna hvetur Samkeppniseftirlitið til þess að aðgangstakmarkanir á fjármálamarkaði verði minnkaðar og að innlendir verðbréfamarkaður verði eflur. Virkur verðbréfamarkaður skapi fjármögnunarvalkost við bankalán sem hafi verið helsta fjármögnunarleið fyrirtækja frá hrúni.

Loks telur Samkeppniseftirlitið að út frá samkeppnissjónarmiðum sé skynsamlegt að aðskilja viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi, í það minnsta rekstrarlega. Þau rök þurfi hins vegar að vega saman við önnur rök er varða hagkvæmni og öryggi fjármálamarkaðar og öflugt atvinnulíf.

magnus@frettabladid.is



HÓTEL SÖGU Í GÆR Fjöldmenn var á fundi Samkeppniseftirlitsins en í annarri röð mátti finna bankastjórana Pétur Einarsson hjá Straumi, Steinþór Pálsson hjá Landsbankanum og Sigurð Atla Jónsson hjá MP Banka.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Niðurstöðu að vænta í þremur samkeppnismálum

Fram kemur í skýrslu Samkeppniseftirlitsins að á næstunni sé niðurstöðu að vænta í þremur samkeppnismálum sem stofnunin hefur haft til rannsóknar. Þau mál eru:

- Mál er varðar viðskiptaskilmála stóru bankanna þriggja við veitingu íbúðalána. Hefur eftirlitið til skoðunar hvort bankarnir hafi misnotað markaðsráðandi stöðu og gert viðskiptavinum erfitt fyrir að flytja viðskipti sín milli banka með því að veita afslátt af vöxtum íbúðalána ef lántakar uppfylltu tiltekin skilyrði um viðskipti.
- Mál er varðar háttsemi Valitors á markaði fyrir færsluhirðingu. Til rannsóknar er meðal annars meint undirverðlagning.
- Mál er snýr að greiðslukortautgefendum Valitor og Borgun. Hefur stofnunin til rannsóknar hvort fyrirtækin hafi átt í samráði við ákvörðun milligjalda og gripið til samkeppnishamlandi aðgerða gegn keppnauti á sviði færsluhirðingar.

METAN BÍLAR MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

SÍÐUSTU EINTÖKIN

HYUNDAI SANTA FE II METAN



SANTA FE II METAN SJÁLFSKIPTUR - COMFORT
VERÐ ÁÐUR KR. 5.990.000

TILBOÐSVERÐ!
4.990 þús.

TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPP Í

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR

Bjóðum til sölu síðustu eintökin af nýjum **Santa Fe II 2012 árgerð** með metanbúnaði. Bílarnir eru til reynsluaksturs og sölu hjá Bílalandi Kletthálsi 11 og Hyundai Kaupúni 1 (beint á móti IKEA). **Komdu strax og gerðu frábær kaup!**

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhófa -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



HYUNDAI

Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
575 1200 - www.hyundai.is

www.facebook.com/hyundai.is

MÁN.-FIM.

11-18

FÖS. 11-19

LAU. 11-18



ENNEMMI / SÍK / NMS307

Breytt og bætt Vínbúð í Austurstræti

Nú hefur Vínbúðin Austurstræti verið opnuð aftur eftir að hafa verið breytt til hins betra. Við bjóðum ykkur innilega velkomin í glæsilega verslun.

 VÍNBUÐIN
vinbudin.is

Ótrúleg tilboð í Iceland

Gildir föstudag, laugardag og sunnudag

MS nýmjólk og léttmjólk 1L

99 kr. stk.

Iceland heilveitibrauð

179 kr. stk.



Bananar

179 kr. kg



Gamla góða
bragðið

Cocoa Puffs 1 kg.

999 kr.



Ótrúlegt úrval af saltkjöti!

Allt fyrir sprengidaginn



Gulrætur íslenskar 500 g
99 kr.



Gular hálfbaunir 453 g
198 kr.



Rófur
119 kr. kg

Allt fyrir bolludaginn

Gerbollur, vatnsdeigsbollur og allt tilheyrandi.



Opið frá kl. 11–20 alla daga
Engihjalla og Granda

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Næsti fjármálaráðherra

Í DAG

Pawel Bartoszek
staðfræðingur

Ég vil að næsti fjármálaráðherra úr röðum Sjálfstæðisflokksins viti eitthvað um fjármál. Ég segi þetta ekki vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verra skor en aðrir flokkar þegar kemur að fávísu og óhæfum fjármálaráðherrum og ég segi þetta heldur ekki vegna þess ég geri ekki sömu kröfu til annarra flokka. En Sjálfstæðisflokkurinn mun líklega vinna næstu kosningar og hann mun líklega verða í aðstöðu til að ákveða hver næsti fjármálaráðherra verður. Og Sjálfstæðisflokkurinn á að þekka fólk sem veit eitthvað um fjármál.

Ekkert annað embætti í ríkisstjórninni þarf að vera jafnvel mannað á næsta kjörtímabili. Það þarf að vinna að því að á Íslandi verði aftur frjálst og opið hagkerfi, það þarf að hjálpa hluta landsmanna út úr skuldafangelsi og um leið að verjast ýmsum vondum hugmyndum um stórfelldar eignatilfærslur í því skyni. Staðan verður erfið. Góður fjármálaráðherra mun skipta meira máli en góður forsætisráðherra.

Forsætisráðherrann þarf einna helst að sjá til þess að sá sem heldur á tékkheftinu hafi samilegan vinnufrið.

„Nú er komið að mér“

Hinn mikla uppgang Póllands eftir 1989 má meðal annars þakka því að jafnvel mestu klikkhausarnir settu konu með viti í fjármálaráðuneytið.

Á Íslandi hefur ekki alltaf tekist jafnvel til.

Hér hefur raunar skapast hefð fyrir einhverjum absúrd ráðherraembættahringekjum. Seinast var skipt um fjármála-

ráðherra til að kona sem kæmi úr fæðingarorlofi þyrfti ekki að líða það að verða óbreyttur þingmaður. Það var ekki vegna þess að einhver taldi hana bestu manneskju á landinu til að gegna því starfi. Þetta er ekki ætlað sem sérstakt skot á Katrínu Júlíusdóttur. En helst ætti alltaf að byrja á því að manna fjármálaráðuneytið eins vel og mögulegt er og síðan, ef menn endilega, endilega vilja, nota hin ráðherraembættin til að stilla af byggða-, kynja- og flokkavóta og leyfa æskudraumum kjörðæmaoddvita að rætast. Ekki öfugt.

Ég er ekki að segja að heilbrigðisráðherrar þurfi alltaf að vera læknar og utanríkisráðherrar alltaf að kunna frönsku. Ráðherraembætti eru pólitísk embætti og pólitíkusar mega alveg vera í þeim. En plís, höfum samt fagmann í fjármálaráðuneytinu. Allavega næstu fjögur árin.

Vissulega banna engin lög að ráðinn sé fjármálaráðherra sem veit ekkert um peninga, ekki frekar en nein lög banna eigendum fyrirtækis að ráða ólæsan og talnablindan fjármálastjóra. En hvorugt er samt sniðugt. Stundum er þessu öllu snúið við og látið sem menntun sé ekki bara formlega óþörf heldur jafnvel beinlínis til trafala. Það er auðvitað rugl. Það er stór kostur að fjármálaráðherra hafi næga fagþekkingu til að rengja skoðanir undirmanna sinna.

Höftin

Það ríkja gjaldeyrishöft á Íslandi. Genginu er handstýrt til að vernda þá starfsemi sem fyrir er á kostnað þess sem hugsanlega gæti orðið.

Það er ómurlegt viðskipta-umhverfi og fólk mun ekki vilja búa við slíkt. Planið núna virðist vera það að markaðurinn öðlist trú á krónunni, gengi hennar styrkist og þá sé hægt að afnema höftin. Auðvitað er þetta plan ekki að ganga. Gengið er

áfram lágt þrátt fyrir að sífellt sé verið sé að herða höftin. En segjum jafnvel að planið gengi allt eftir. Þá býr þetta auðvitað ekki til neina varanlega lausn.

Örgjaldmiðlar eins og íslenska krónan munu aldrei geta varist áföllum öðruvísi en með gjaldeyrishöftum eða hótunum um þau.

Að undanförunu hefur eftirfarandi lína heyrst: „Við sitjum uppi með krónuna, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.“ Að heyrna þetta úr munni stjórnmálamanna er rugl. Auðvitað breytist ekkert ef fólk sem getur breytt hlutum nennir því ekki. En ég vil einmitt að næsti fjár-

málaráðherra verði manneskja sem getur myndað sér eigin skoðun á því hvað sé best fyrir Ísland, óháð hvers kyns kreddum og vangaveltum um hvað öðrum kunni að þykja líklegt til vinsælda.

Næsti fjármálaráðherra þarf að vera þungavigtarmanneskja þegar kemur að fjármálum. Ef Sjálfstæðisflokkurinn telur sig hafa slíka manneskju innan raða frambjóðenda sinna þá á hann að tefla henni fram í kosningarbaráttunni. Ef hann telur svo ekki vera þá ætti hann að leita út fyrir raðir væntanlegra þingmanna flokksins.

„Næsti fjármálaráðherra þarf að vera þungavigtarmanneskja þegar kemur að fjármálum. Ef Sjálfstæðisflokkurinn telur sig hafa slíka manneskju innan raða frambjóðenda sinna þá á hann að tefla henni fram...“

Afmæli Vinjar

Húsið Vin á Hverfisgötu 47 í Reykjavík er hús sem ber nafn með rentu. Það er sannkölluð Vin í hinni illræmdu eyðimörk félagslegrar einangrunar sem svo alltof margir í okkar samfélagi búa við. Í Vin koma gestir til þess að hitta kærna vini sem eiga sinn þátt í því, ásamt starfsfólki og góðum anda þessa gamla húss, að rjúfa alla einangrun og láta gestum og gangandi líða eins og heima hjá sér.

Meira að segja allt eins vel og áhyggjulausum ungmennum sem búa enn við öryggi í foreldrahúsum.

Brotnar fjölskyldur

En það er ekki alveg víst að gestir Vinjar hafi búið við öryggi í sínum foreldrahúsum þegar þeir voru börn og ungmenni. Margir þeirra koma frá brotnum fjölskyldum þar sem eitt og annað var ekki endilega til sýnis fyrir gesti og gangandi, hvort sem um var að ræða alvarlega vankanta foreldris eða annars heimafélks, veikindi eða enn þá verra heimilisböl.

Fjórðungi bregður til fósturs, segir máltækið og mikið er til í því. Þó er ekki þar með sagt að þeir sem eiga Vin sem sitt annað heimili hafi búið við heimilisböl í barnæsku því til er það bál sem á aðsetur sitt og upptök í sálum mannanna og skiptir þá engu hvort vel eða illa er að þeim hlúð í barnæsku.

Sem betur fer eru augu sam-

SAMFÉLAG

Svava frá Strandbergi
gestur Vinjar

→ En það er ekki alveg víst að gestir Vinjar hafi búið við öryggi í sínum foreldrahúsum þegar þeir voru börn og ungmenni.

félagsins að uppljúkast fyrir þessu illræmda böli sem situr um sálir manna, hárra jafnt sem lágra. Og nú til dags er þeim sem fyrir bölvuninni verða ekki úthýst úr mannlegu samfélagi og þeir lokaðir inni í dimmum turnherbergjum í drungalegum stórhúsum, vegna þess að engin manneskja með fullu viti má af þeim vita.

Galopnar dyr

Því nú á dögum bjóða heilu húsín, meira að segja hús sem hafa gamla og þrautgöða sál, þeim sem enginn með fullu viti mátti af vita hér áður fyrir velkomna, og það með galopnum dyrum upp á gátt.

Með þetta allt í huga biðja því gestir og heimagangar í Vin annað fólk, bæði ráðamenn og aðra sem hafa frekar lítil ráð en eru svo heppnir að hafa nokkurn veginn haldið ráði og rænu á þessum síðustu (og sem sumir segja) verstu tímum, að gleðjast með sér á 20 ára afmæli Vinjar, þann 8. febrúar, jafnframt því að biðja um stuðning og velvilja varðandi áframhaldandi rekstur hússins Vinjar.

Saltkjöt & baunir

Bacon

Ali Bacon

BYKKARI SNEIDAR

TVÖFALT BYKKARA

Bacon

Fljótlegt, einfalt, bragðgott og þægilegt

... á pönnuna
... á pizzuna
... í eggjabökuna
... í samlokuna
... svo er það líka mjög gott

Ali Bacon

NETVADARFULL FRAMLEISA
SÍÐAN 1944



Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Creditinfo óskar eftirtöldum fyrirtækjum til hamingju með framúrskarandi árangur á síðasta ári

1717 ehf · A.B.L. tak ehf · Actavis ehf · ADVEL - lögfræðipjónusta ehf · Akraborg ehf · Akursel ehf · Alefli ehf · Allianz Ísland hf söluumboð · Annata ehf
Arctica Finance hf · Atlantic Tank Storage ehf · Atlantik ehf · Austfar ehf · Axis-húsgögn ehf · Árnaflúð ehf · Árvirkinn ehf · Baader Ísland ehf · BACCO ehf
Bananar ehf · Barki ehf · Bautinn ehf · Beco ehf · Beiersdorf ehf · BESA ehf · Birtingahúsið ehf · Bitter ehf · Bjarmar ehf · Blikás ehf · Bráð ehf · Brimrún ehf
Búbót ehf · Bústólpi ehf · Bylgjuhús ehf · Bær hf · CCP hf · Creditinfo Group hf · Creditinfo Lánstraust hf · Dalsnes ehf · Danfoss hf · Danica sjávarafurðir ehf
(Danica Seafood Ltd.) · Dekkjahöllin ehf · Deloitte FAS ehf · Dress up games ehf · Dynjandi ehf · Efla hf · Efnissala G.E.Jóhannssonar hf · Eggert Kristjánsson hf
Eignarhaldsfélagið Zeta ehf · Eirberg ehf · Eldflaugastöðin ehf · Endastöð ehf · Endurvinnslan hf · Ernst & Young ehf · EXPO Kópavogur ehf · Express ehf
Eyfreyjunes ehf · Fagtækni hf · Fasteignafélagið Fell ehf · Ferðakompaníið ehf · Ferðaþjónusta bænda hf · Ferskar kjötvörur ehf · Fiskmarkaður
Vestmannaeyja hf · FISK-Seafood ehf · Fiskverkun Ásbergs ehf · Fjarðanet hf · Fjarskipti hf · Fjárnakur - Icelandair Shared Services ehf · FJB ehf · FoodCo hf
Forlagið ehf · Fossberg ehf · Fossvélar ehf · Fóðurverksmiðjan Laxá hf · Fram Foods Ísland hf · Frár ehf · Friðrik A. Jónsson ehf · Frostmark ehf · Frystikerfi ehf
Funi ehf · G. Arnfjörð ehf · G. Skúlason vélaverkstæði ehf · Garðræktarfélag Reykhverfinga hf · Garri ehf · GG optic ehf · Gilhagi ehf · Glaður ehf · GlaxoSmithKline ehf
Globus hf · Gnípa ehf · Godthaab í Nöf ehf · GoPro ehf · Goshóll ehf · Góa-Linda sælgætisgerð ehf · Grant Thornton endurskoðun ehf · Greiðsluveitan ehf
Guðmundur Jónsson ehf · Guðmundur Tyrfinngsson ehf · Gullfosskaffi ehf · Gunnar Eggertsson hf · Gæðabakstur ehf · H.G.G. - Heilsa ehf · Hagvagnar hf
Hamborgarabúlla Tómasar Geirsgötu (HBTG) ehf · Hampiðjan hf · Hásteinn ehf · Háteigur fiskverkun ehf · HB Grandi hf · Hegas ehf · Heildverslunin Echo ehf
Héðinn hf · Héðinn Schindler lyftur ehf · Héraðsprent ehf · Hitastýring hf · Hjallastefnan ehf · Hlaðir ehf · Hlíð ehf · HOB-vín ehf · Holt og gott ehf
Hólmadrangur ehf · Hópfæðamiðstöðin ehf · Hótel Framtíð ehf · Hótel Geysir ehf · Hraunás ehf · Hreyfill svf (Samvinnufélagið Hreyfill) · HRV ehf
Huginn ehf · Hugvit hf · Hvítlist hf · Iceland Excursions Allrahanda ehf · Icelandic Group hf · Icelandic Services ehf · Icepharma hf · ÍÐAN-Fræðslusetur ehf
Íðmark ehf · Init ehf · Inning ehf · Inter ehf · Ison ehf · ISS Ísland ehf · Ísaga ehf · Ísfoss ehf · Ísfugl ehf · Íslandsbleikja ehf · Íslandssjóðir hf · Íslensk myndgreining ehf
Íslensk verðbréf hf · Íslenska auglýsingastofan ehf · Íslenska félagið ehf · Íslenska útflutningsmiðstöðin hf · Íslenskir fjárfestar hf · Íslenskur
textíliðnaður hf (ISTEX) · Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf · Ísold ehf · Ísól ehf · Ísteka ehf · J.R.J. verktakar ehf · J.S. Gunnarsson hf · Jarðefnaíðnaður ehf (JEI ehf)
Já Upplýsingaveitur hf · Járn og gler hf · Jens Árnason ehf · Jensen, Bjarnason og Co ehf · Jeppasmíðjan ehf · JOCO-L.M.Jóhannsson ehf · John Lindsay hf
Jónar Transport hf · Jökulsárlón ehf · K & G ehf · Kaffitár ehf · Kaupfélag Skagfirðinga svf. · Kaupfélag Vestur-Húnavetninga svf. · Kauphöll Íslands hf · Kári Borgar ehf
KB lögmannsstofa ehf · KEA svf. · Keahótel ehf · Kemi ehf · KFC ehf · KG Fiskverkun ehf · Kj. Kjartansson ehf · Kjarnavörur hf · Kjötsmíðjan ehf · Klofningur ehf
Kone ehf · Kornax ehf · Kólus ehf · KPMG ehf · Kynnisferðir ehf · Kælismiðjan Frost ehf · Lagastöð innheimtuþjónusta ehf · Landslög lögfræðipjónusta ehf
Landsvirkjun Power ehf · Launafl ehf · Lending ehf · LEX ehf · Libra ehf · Líftryggingafélag Íslands hf · Ljósþing ehf · Loðnuvinnslan hf, Fáskrúðsfirði
Loftleiðir-Icelandic ehf · Logaland ehf · LS Retail ehf · Lúkas D Karlsson ehf · Lögmál ehf · Malbikunarstöðin Höfði hf · Mannvit hf · Marás, vélar ehf
Marel Iceland ehf · Marz sjávarafurðir ehf · Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf · Málning hf · Medico ehf · Medis ehf · Melabúðin ehf · Menn og mýs ehf
Microsoft Ísland ehf · Miðbúðin hf · Miðnesheiði ehf · Miracle ehf · Múrbúðin ehf · Myndform ehf · Mörkin Lögmannsstofa hf · Nathan og Olsen hf · Naust Marine ehf
Nes hf · Nesskip hf · Netorka hf · Norðanfiskur ehf · Norðurorka hf · Norðursigling ehf · Norlandair ehf · Norræna ferðaskrifstofan ehf · Oceanus Gourmet ehf
Oddur Pétursson ehf · OKKAR líftryggingar hf · Olav Forum ehf · OPM ehf · Optimar Ísland ehf · Orka ehf · Orkufjarskipti hf · Orkusalan ehf · Ó.Johnson
& Kaaber ehf · Ólafur Gíslason og Co hf · Ólafur Þorsteinsson ehf · PFAFF hf · Point Transaction Systems á Íslandi ehf · Prenttækni ehf · Promens Dalvík ehf
Promens Tempra ehf · Pústþjónusta BJB ehf · Radiómiðun ehf · Raf- og loftræstiþjónustan ehf · Rafeyri ehf · Rafkaup hf · Rafstjórn ehf · Rafvirki ehf
Raförninn ehf · Ragnar Björnsson ehf · Reykjagarður hf · Réttur-Áðalsteinsson & Partners ehf · Rima Apótek ehf · Rio Tinto Alcan á Íslandi hf · S4S ehf
Safalinn ehf · Sagaplast ehf · Salka-Fiskmiðlun hf · Samey ehf · Samherji hf · Samkaup hf · Scanver ehf · Sensa ehf · Sigurborg ehf · Sigurður Ólafsson ehf
Sigurjónsson & Thor ehf · Sindri ehf · Síldarvinnslan hf · Sjóvá-Almennar líftryggingar hf · Sjóvélar ehf · Skagaverk ehf · Skakkiturn ehf · Skipalækur ehf
Skorri ehf · Sláturfélag Suðurlands svf. · Sláturhús Hellu hf · Slippurinn Akureyri ehf · Sorpurðun Vesturlands hf · Sónar ehf · Sportver ehf
SR-Vélaverkstæði hf · Stál og stansar ehf · Stálgæði ehf · Stálskip ehf · Stefnir hf · Steinbock-þjónustan ehf · Steinull hf · Stilling hf · Stígur ehf · Stjarnan ehf
Stjörnuegg hf · Stjörnu-Oddi hf · Stoðkerfi ehf · Sunnugisting ehf · Sæmark-Sjávarafurðir ehf · Tandur hf · Tannsmíðaverkstæðið ehf · Tengill ehf
Th. Danielsson ehf · Tiger Ísland hf · Tinna ehf · Trefjar ehf · Trésmiðjan Jari ehf · Trésmiðjan Rein ehf · Trétak ehf · Tréverk ehf · Triton ehf · Trúss ehf
Tryggingamiðlun Íslands ehf · Tryggingamiðstöðin hf · TVG-Zimsen ehf · Tölvu- og Rafeindaþjónusta Suðurlands ehf · Tölvutek ehf · Umbúðamiðlun ehf
Umslag ehf · Urð og grjót ehf · Útgerðarfélagið Dvergur hf · Útgerðarfélagið Guðmundur ehf · Útgerðarfélagið Hólmar ehf · Útgerðarfélagið Stekkjavík ehf
Útlitslækning ehf · V.M. ehf · Vaki fiskeldiskerfi hf · Varma og Vélaverk ehf · Vátryggingafélag Íslands hf · Vegamálun ehf · Veiðafæraþjónustan ehf · VER ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf · Veritas Capital hf · Verkfræðistofa Suðurnesja ehf · Verkís hf · Vélar og skip ehf · Vélar og verkfæri ehf · Vélaverkstæðið Þór ehf
Vignir G. Jónsson hf · Viking Life-Saving Equipment á Íslandi ehf · Vinnlustöðin hf · Vinnuföt, heildverslun ehf · Virðing hf · Vistor hf · Vörður tryggingar hf
Vörumiðlun ehf · Þ.S. Verktakar ehf · Þarfaping hf · Þórishólmi ehf · Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf · Önundur ehf · Örninn Hjól ehf · Össur hf

+

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GEORG VALENTÍNSSON
Kirkjuvegi 5, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 28. janúar. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þökkum auðsýnda samúð.

Árný Tyrfingsdóttir og fjölskylda



+

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURJÓN SIGURÐSSON
bankamaður, Sólheimum 25,
áður Hólmgarði 33, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 5. febrúar. Jarðsungjó verður frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 13. febrúar klukkan 13.00.

Björg Ólafsdóttir
Snorri Sigurjónsson
Hrefna Sigurjónsdóttir
Kristján Sigurjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Birna Ragnarsdóttir
Sigurður Snorrason
Áslaug Óttarsdóttir



+

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

PORKELL SIGURBJÖRNSSON
tónskáld,

lést miðvikudaginn 30. janúar á líknardeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast Porkells er bent á orgelvíðgerðasjóð Hallgrímskirkju.

Barbara Sigurbjörnsson
Sigurbjörn Þorkelsson
Mist Barbara Þorkelsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Áðalheiður Magnúsdóttir
Sígús Nikulásson



+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN S. NJARÐVÍK
leiðsögumaður,
Sóltúni 13,

lést þann 3. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jón Bergþórsson
Brynja Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Sóley Jónsdóttir
Bergþór Jónsson
Kristín Jónsdóttir Njarðvík
Margrét Jónsdóttir Njarðvík
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón Jóhannsson
Tómas Jónsson
Rósa Guðmundsdóttir
Kristján Þorsteinsson
Már Jónsson



WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNSS

Virding Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

ÚTFARARÞJÓNUSTA
David's
Oswaldssonar
df.

Sími 551 3485,
svarað allan
sólarhringinn.

www.udo.is






Hinrik Davíð Jóhanna Óli Pétur

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

HALLDÓRA VALGERÐUR
HJALTADÓTTIR
Suðurlandsbraut 58,
áður Hvassaleiti 28,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 1. febrúar verður jarðsungin þriðjudaginn 12. febrúar kl. 13.00 frá Áskirkju.

Þórður F. Ólafsson
Margrét María Þórðardóttir
Anna Halldóra Þórðardóttir
Gunnhildur Þórðardóttir
Ólafur Þórðarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Gunnarsson
Þórhallur Jóhannesson
Þór Tómasson
Donna Fumoso



+

Ástkær stjúpfáðir minn, bróðir, vinur, afi og langafi,

HANNES HAFLIÐASON

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 6. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kolbrún Benjamínsdóttir.



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN GUÐBJÖRNSDÓTTIR
Hrisateigi 14,

lést þriðjudaginn 5. febrúar.

Sigrún Sólveig Þuríður Erla Ingunn Sigurgeirsbörn og fjölskyldur.

Svanhvít Kristín Kristinn Guðmundur



+

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

BIRNA STEINGRÍMSDÓTTIR
hjúkrunarfræðingur,
Grænatúni 10, Kópavogi,

lést af slysförum þann 3. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 13. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitirnar.

Þórarinn Hannesson
Drífa Harðardóttir
Vala Þórarinsdóttir
Heiða Þórarinsdóttir
tengdasynir og barnabörn.



+


Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og systir,

ÁSLAUG S. GUÐJÓNSD. SVEINSSON

lést í Kaupmannahöfn 26. janúar sl. Jarðarför hefur farið fram.

Susanne M. Nielsen Hanne K. Petersen Dorthe P. Sveinsson og barnabörn.
Anna F. Guðjónsdóttir Júlíus H. Guðjónsson

Allan Nielsen David Petersen



+

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

ÞORVALDAR JÓNSSONAR
Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Beykhlíðar, ykkar störf eru ómetanleg. Guð blessi ykkur öll.

Rósa María Sigurðardóttir Guðbjörg Þorvaldsdóttir Hildur Björk Sigbjörnsdóttir Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir Þorvaldur Maken Sigbjörnsson Rósa María Sigbjörnsdóttir og langafabörn.

Hallgrímur Jónasson Stefán Geir Árnason Magnús Jónsson Katrín Jónsdóttir




Í GERÐUBERGI Frá heimsdeginum 2012.

Margt í boði í Breiðholti

Á heimsdegi barna á morgun milli klukkan 13 og 16 verða listsmiðjur í Gerðubergi og Miðbergi.

Heimsdagur barna er á morgun sem liður í Vetrarhátíð. Þá býðst fjölskyldum að taka þátt í margs konar skemmtun í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og frístundamiðstöðinni Miðbergi. Hægt er að búa til eigin hljóðfæri, gera seiðkarlaeða nornabúning, taka létt spor í danssmiðjunni, sauma öskupoka og búa til litríkan bolluvönd. Einnig er hægt að læra origami/bréfbrot, fylgjast með spennandi tilraunum og gæða sér á veitingum á Nornakaffihúsinu. Úti á torgi verður opinn eldur þar sem upplagt er að grilla brauð og í lokin safnast allir þar saman og hlýða á sigurvegara úr Breiðholt got talent og Söngkeppni Breiðholts. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. Dagskrána má nálgast á heimasíðu Gerðubergs þar sem hún er birt á sjö tungumálum auk íslensku; ensku, spænsku, albönsku, pólsku, taílensku, litháísku og rússnesku.

+

Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KAREN RAGNARSDÓTTIR
frá Ísafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða 6. febrúar síðastliðinn.

Páll Sigurðsson
Ragnar Ágúst Kristinsson
Helga Kristinsdóttir
Haraldur Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Þóra Hallsdóttir
Sigvaldi K. Jónsson
Sveinfríður Unnur Halldórsdóttir



+

Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts eiginmanns, föður, tengdafaður og afa,

ÁRNA HRÓBJARTSSONAR.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss HSS, Reykjanesbæ, deildar B7 og gjörgæslu E6, LSH, Reykjavík.

Kristrún Ólafsdóttir Hróbjartur Árnason Hjórdís Árnadóttir Helena Árnadóttir og barnabörn.

Sveinbjörg Pálsdóttir Jóhann Jóhannsson Tómas Njáll Möller



+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður og afa,

ÁRNA ÞÓRARINSSONAR
Sunnufliót 25.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar, Vífilsstöðum fyrir góða umönnun og hlýju í hans garð.

Magnús Árnason Guðbjörg Árnadóttir Brynjar Þór Árnason og barnabörn.

Kristbjörg Guðmundsdóttir Þorsteinn Þorsteinsson



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Vetrarhátíð stendur yfir í borginni um helgina og ýmislegt skemmtilegt er um að vera. Meðal þess er safnanótt en mörg söfn á höfuðborgarsvæðinu eru opin í kvöld. Þá er auk þess margt í boði fyrir börn. Hægt er að kynna sér dagskrá hátíðarinnar á vetrarhatid.is.

15% AFSLÁTTUR

af OSO hitakútum,
Wösab olíufylltum ofnum
og Vortice loftræstiviftum.



NORSK
FRAMLEIÐSLA



BLÖNDUNARLOKI
FYLGIR

WÖSAB

Olíufylltir
rafmagnsofnar

Stærðir: 250W-2000W



Gæða viftur fyrir baðherbergi, eldhús, vinnustaði o.fl.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn *Eldað með Holta* á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn *Eldað með Holta* á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur.

Hér færir Úlfar okkur kjúklingasnitsel með nachos, chili-pipar, broddkúmeni

og sítrónu. Uppskrifin er fyrir fjóra. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

FLOTT UPPSKRIFT
Meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson matreiðir girnilegan kjúklingarétt.
MYND/ANTON

KJÚKLINGASNITSEL MEÐ NACHOS, CHILI-PIPAR, BRODDKÚMENI OG SÍTRÓNU

UPPSKRIFT FYRIR FJÓRA

600 g úrbeinuð kjúklingalæri
2 dl hveiti
1 tsk. paprikuduft
1 tsk. chili-flögur
1 tsk. broddkúmeni
1 msk. oreganó
1 tsk. salt
0,5 tsk. pipar
2 egg
1 dl mjólk
1,5 dl brauðrasp
1,5 dl nachos-flögur, kurlaðar
2 msk. rifinn parmesanostur, má sleppa
2 msk. smjör

2 msk. olía
2 sítrónur

AÐFERÐ

Bankið aðeins með buffhamri á lærin þannig að þau séu öll jafn þykk. Blandið öllum kryddum vel saman við hveitið og veltið lærunum upp úr því. Þískið eggjinn og mjólkina vel saman og veltið lærunum upp úr blöndunni. Blandið raspinu, nachos-kurlinu og parmesanostinum vel saman og veltið lærunum upp úr rasp-blöndunni. Steikið á meðal-heitri pönnu í olíu og smjöri í



3-4 mínútur á hvorri hlið. Rífið sítrónubörk af einni sítrónu fínt niður yfir lærin og kreiðið sítrónusafa yfir. Berið fram með sítrónubátum, steiktum kartöflum og grænmeti.

Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.

Sushi
er frábær
hollustufæða

NINGS

TRÖLLATREFJAR

Næringargildi í 100g:

Orka	448 kJ / 107 kkal
Fita	1,4g
þar af mett. fitusýrur	0,7g
Kolvetni	10,2g
Trefjar	1,1g
Prótein	10,8g



Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

FLUTT Í SMÁRALIND

Verslunin Móðir Kona Meyja er eins árs um þessar mundir. Hún hefur af því tilefni flutt í Smáralind og heldur opunarhátíð á morgun.

Verslunin sérhæfir sig í fatnaði og vörum fyrir verðandi og nýbakaðar mæður. Þar er mikið úrval af alls kyns nauðsynjavörum fyrir meðgönguna og brjóstagiðfina. Þá er Móðir Kona Meyja mjög framarlega í sölu á taubleium og býður upp á persónulega ráðgjöf í þeim efnum.

Í versluninni er meðal annars boðið upp á meðgöngu- og brjóstgjafafatnað frá fatahönnuðinum Sigrúnu Baldursdóttur, sem hannar undir merkinu Matrem. „Sum sniðin henta fyrir bæði meðgöngu- og brjóstagiðf og því eru flíkur frá Matrem afar eigulegar,“ segir Sigrún. „Brjóstgjafafatnaðurinn auðveldar aðgengi að brjóstunum og eykur þægindi fyrir mjólkandi mæður. Flíkurnar eru þó hannaðar með það í huga að hægt sé að nota þær áfram sem hönnunarvöru eftir að meðgöngu- eða brjóstagiðf lýkur,“ segir Sigrún sem hefur fengið einkaleyfi á hönnunina. Meðal nýjunga frá Matrem eru bolir úr lífrænni bómull með GOTS-vottun en úrvalið í þeirri línu mun aukast jafnt og þétt í Móður Konu Meyju. Nánari upplýsingar um Matrem, sem áður hét Lykkjufall, er að finna á www.matremdesign.com. Úrvalið hjá Móður Konu Meyju er hægt að skoða á www.mkm.is. Þess má geta að í tilefni opunarinnar í Smáralind verða allar vörur með 25 prósentu afslætti.



SIGRÚN BALDURSDÓTTIR



NÝTIST EFTIR MEÐGÖNGU OG BRJÓSTAGJÖF Flíkurnar frá Matrem eru hannaðar með það í huga að hægt sé að nota þær áfram eftir meðgöngu og brjóstagiðf.

SP OLÍA Í ALGJÖRU UPPÁHALDI

HALLDÓR JÓNSSON KYNNIR SP olía er nýjung fyrir hárið. Olían mýkir og byggir upp hárið. SP olían hefur slegið í gegn hjá viðskiptavinum Grjóna á hárgreiðslustofunni Rauðhettu og úlfinum.

Mér finnst SP olían henta mjög vel fyrir alla viðskiptavini, sérstaklega þá sem eru með þurrt hár,“ segir hárgreiðslumaðurinn Grjóni á Rauðhettu og úlfinum. Grjóni hefur notað SP olíuna með góðum árangri upp á síðkasti. „Margar stelpur nota djúpnæringu og persónulega finnst mér olían gera sama gagn nema hún þyngir ekki hárið eins og margar djúpnæringar gera.“ Hann segir SP olíuna gefa hárinu góða mýkt, byggja það upp og innihalda einnig hitavörn. „Stelpur með rafmagnað hár vilja til dæmis SP olíuna vegna þess að hún kemur í veg fyrir rafmagnið án þess að þyngja hárið. Þetta hefur algjörlega bjargað hárinu hjá þeim,“ segir Grjóni og hlær.

SP olían er samsett úr þremur meginefnum: Argan, jojoba og möndluolíum. „Þetta er hin fullkomna blanda að mínu mati. Hún er mjög létt og hentar því íslenskum stelpum sérlega vel,“ segir Grjóni og bætir við: „Svo er hún líka glær, sem er mjög gott fyrir ljósa hárið og gefur rosalega flottan glans.“

Grjóni segir auðvelt að stjórna virkni olíunnar, eftir því hvort hún sé sett í rakt eða þurrt hár. „SP olían er í algjöru uppáhaldi hjá mér, ég mæli eindregið með henni.“



FRÁBÆR NÝJUNG

Hárgreiðslumaðurinn Grjóni hefur notað SP olíuna á viðskiptavini sína með góðum árangri. Hér er hann ásamt Gosa, meðeiganda sínum á Rauðhettu og úlfinum.



FULLKOMIN BLANDA

SP olían er samsett úr þremur meginefnum: Argan, jojoba og möndluolíum.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir | Sölu menn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427



Fermining í Flash

Ótrúlegt úrval af ferminingarkjólum
verð frá 12.990 til 16.990 kr.



Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur

8. FEBRÚAR 2013

Lífið

Á MARGT SAMEIGINLEGT
MEÐ SOLLU STIRÐU

SKEMMTILEGT HEIMILI
ÖLDU STÍLISTA

GERÐU HJARTA HEIM-
ILISINS PERSÓNULEGRA



LÆT EKKERT STOPPA MIG

HANNA RÚN ÓLADÓTTIR UM DANSINN,
SÖGUSAGNIRNAR OG HÁLEIT MARKMIÐ

HVERJIR VORU HVAR?

Kveikt var á stærsta lista-verki í heimi í gær á Listasafni Reykjavíkur af forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, og eiginkonu hans, **Dorrit Moussaieff**. Mikið fjöl-



menni var við opnunina og má þar nefna **Skúla Mogensen**, forstjóra WOW air, og Svönu Friðriksdóttur, upplýsingafulltrúa WOW air,



en flugfélagið styrkir gerð listaverksins. Þar mátti einnig sjá Hafþór Yngvarsson og Berghildi Bernharðsdóttur



hjá Listasafni Reykjavíkur. Þarna voru mættar **Svanhildur Konráðsdóttir**, stjórnarformaður UNICEF á Íslandi, Marta María Jónasdóttir og Líney Arnórsdóttir hjá Íslandsstofu.



Lífið

UMSIJÓN

Elly Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Sonja í Lolita

Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is

Lífið Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

FATNAÐURINN MEIRA TÖFF EN RÓMANTÍSKUR

Fatamerkið Andersen & Lauth verður frumsýnt á Reykjavík Fashion Festival í mars undir stjórn nýrra eigenda og hönnuða. Sigrún Andersen, framkvæmdastjóri merkisins, segir að með nýjum hönnuðum komi aukin fjölbreytni.

Hvað er langt síðan þið tókuð við merkinu? Við tókum við merkinu í september í fyrra þegar við höfum störf hjá nýjum eiganda A&L, Arctic Investment.

Hver er bakgrunnur þinn og ykkar sem standið nú að Andersen & Lauth? Ég er með BA-gráðu í fatahönnun frá Hollandi, tók viðskipta- og rekstrarfræði og svo MBA árið 2006. Ég er með fjölbreytta reynslu í hönnun, stjórnun og rekstri fyrirtækja. Byrjaði minn feril sem sjálfstætt starfandi hönnuður og stofnsetti og rak þó nokkrar sérleyfisverslanir fyrir Haga, þ.m.t. Topshop, Dorothy Perkins og Evans.

Una Hlín Kristjánsdóttir er yfirhönnuður Andersen & Lauth. Hún er útskrifaður fatahönnuður úr Listaháskólanum og starfaði áður fyrr hjá Andersen & Lauth. Einnig hefur hún hannað undir sínu eigin merki, Royal Extreme.

Er fyrsta línan úr ykkar smíðju væntanleg í vor? Fyrsta línan okkar er væntanleg fyrir Íslendinga síðsumars í Andersen & Lauth verslun á Laugavegi.

Ætlið þið að vera trú merkinu eins og fólk þekkir það eða getum við átt von á nýjum straumum og stefnum? Við höldum okkur að sjálfsgöðu við rætur merkisins en erum að bæta við nýjungum og nýjum áherslum. Það má segja að við höfum leitað í hugmyndasmiðju Andersen & Lauth fyrstu árin þegar það var meira töff en rómantískt



Sigrún Andersen, framkvæmdastjóri Andersen & Lauth, ásamt Unu Hlín Kristjánsdóttur yfirhönnuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sigrún og Una ætla að halda sig við rætur merkisins.

” Framtíðarsýnin er að koma íslenskri hönnun á alþjóðamarkað

eins og það hefur verið síðustu árin. Andersen & Lauth konan er kvenleg en jafnframt töff og finnst ekki verra að eftir henni sé tekið. Við leggjum mikla áherslu á að sniðin undirstriki fegurð hennar og svo höfum við breytt litapallettunni og eru litirnir dekkri og litríkari en áður. Við höfum einnig aukið fjölbreytnina í línunni þannig að fleiri munu finna eitthvað við sitt hæfi hvort sem er í hversdagsfatnaði eða finni fatnaði.

Hvernig er ykkar framtíðarsýn? Framtíðarsýnin er að koma íslenskri hönnun á alþjóðamarkað og hanna og framleiða fatnað sem veitir konum sjálföruggi og ánægju úti um allan heim.

Nú eru þið nýkomnar aftur frá tískuvíkunni í Kaupmannahöfn, hvernig gekk? Það gekk mjög vel. Við munum selja vörur okkar í Skandinavíu, Hollandi, Spáni og Þýskalandi á næstunni.

Hverju getum við átt von á frá Andersen & Lauth á Reykjavík Fashion Festival í mars? Kraftmikilli sýningu þar sem afrakstur síðustu mánaða verður afhjúpaður.

HVER ER MAÐURINN?

Nafn: Greipur Gíslason.

Aldur: 30 ára síðan í sumar.

Starf: Verkefnastjóri HönnunarMars.

Maki: Nei, en er að leita (er í skránni).

Börn: Með eða á móti? Oftast með, en alls ekki alltaf.

Áhugamál: Kaffi, góður félagsskapur, skíði og hjólið mitt.

Hvað stendur upp úr í vikunni? Heimsókn á Hönnunarviku í Stokkhólmi þar sem íslenskir hönnuðir kynna sig og við erum að kynna HönnunarMars. Þetta er mikilvægur vettvangur til að hitta fólk. Känns som hemma.

Hvað á að gera um helgina? Þegar vinnunni lýkur á föstudag skipti ég um gir og breyti í helgarferð til Stokkhólms þar sem ég fer í afmæli hjá bestu vinkonu minni.

Eitthvað að lokum? Já, eitt. Höldum flugvellingum áfram í Vatnsmýri. Það er best fyrir alla.



PACO RABANNE
ER LOKSINS
FÁANLEGT Á ÍSLANDI!
Lady Million dömuilmurinn &
One Million herrailmurinn eru
meðal vinsælustu ilma
í heiminum í dag!

paco rabanne

The new fragrance

www.pacorabanne.com

Það er 20 % afsláttur núna 7. til 11. febrúar

Fallegar tilboðspakningar í Lady Million, munið Valentínusardaginn 14. febrúar

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



GERÐU HJARTA HEIMILISINS PERSÓNULEGRA



Sandra Dís Sigurðardóttir innanhússarkitekt

Í flestum nýjum húsum er mikið lagt upp úr eldhúsinu enda hjarta heimilisins hjá flestum. Eldhúsin eru einnig orðin stærr og mörg hver opin fram í stofu, enda er ekki skemmtilegt að kokkurinn sé lokaður af inni í eldhúsi á meðan gestirnir bíða frammi.

Ekki vera hrædd við að sýna persónuleika þinn í þessum rými og mála eða setja upp veggfóður í djörfum lit eða eftir því hvernig liggur á þér. Það getur líka verið skemmtilegt að hafa áberandi hluti í lit inni í eldhúsinu eins og Smeg-ísskápana eða vinsælu Kitchen Aid-vélarnar sem fást í mörgum litum. Það brýtur mjög skemmtilega upp. Ef eldhúsið er opið má svo finna lausnir með skápum og stórum hurðum til að hægt sé að fela allt eldhúsdótið þegar ekki er verið að nota það.



Hér lífgar ísskápurinn upp á þetta annars dökka eldhús.



Hér má sjá nokkur mismunandi eldhús í misjöfnum stílum. Leyfið hugmyndafluginu að ráða og gerir þetta aðalrími heimilisins persónulegt og hlýlegt eða þannig að öllum fjölskyldumeðlimum líði vel.

Nýjar heilsuvörur!



Haf-Ró er slakandi steinefnablanda með náttúrulegu magnesíum ekstrakti sem unnið er úr sjó. Inniheldur einnig Hafkalk ásamt B6 og C vítamínum sem styðja við virkni efnanna.

Magnesíum og kalk í **Haf-Ró** er í hlutfallinu 2:1 og ætlað þeim sem fá ekki nægilegt magnesíum úr fæðunni.

Magnesíum er líkamanum nauðsynlegt fyrir jafnvægi vöðva- og tauga-kerfisins. Magnesíumskortur getur lýst sér í þreytu og streitu og því getur **Haf-Ró** gefið slakandi áhrif samhliða aukinni orku.

Hafkrill er hrein hágæða krillolía unnin úr ljósátu sem veidd er á vistvænan og sjálfbæran hátt í Suður-Íshafinu. Vinnslan fer fram á sjó til að tryggja hámarks ferskleika.

Hafkrill inniheldur vatnsuppleysanleg Omega 3 fosfólípíð sem eru líkamanum auðveldari í upptöku en hefðbundið Omega 3 þriglýseríð úr fiskiolíu.

Hafkrill inniheldur andoxunarefnið Astaxanthin sem dregur úr sundur-efnum, viðheldur gæðum olíunnar og gerir viðbætt rotvarnarefni óþörf.

Haf-Ró og Hafkrill fást í öllum helstu lyfja- og heilsubúðum.

HAFKALK

Skannaðu kóðann og kynntu þér framleiðsluvörur Hafkalks



Hattar, fót og töskur skreyta fallega snaga heimilisins.



Heimili Öldu er einstaklega litríkt og skemmtilegt.



SKRAUTLEGT OG LIFANDI HEIMILISHALD

Hún á liflegt og frumlegt heimili á Álftanesi þar sem hún býr ásamt börnum sínum og tíkinni Dídí. Við bönkum upp á hjá Öldu stílista í næsta Heim-sóknarþætti sem er sýndur í opinni dagskrá á Stöð 2 á laugardögum, strax að loknum fréttum.



Alda ásamt hundi heimilisins.

mÓL umþátluðum
 ómál aðla virka
 daga ka. 7

SP



UMBREYTTU HÁRINU
MEÐ FLJÓTANDI MUNAÐI
ARGAN OLÍUNNAR

SYSTEM PROFESSIONAL. THE SCIENCE OF PERSONALIZED CARE. FROM



LÆT EKKERT STOPPA MIG

Hún byrjaði að dansa aðeins fjögurra ára gömul og hefur dansað síðan, meðal annars í sjónvarpsþættinum *Dans dans dans*. Hún fór nýlega í gegnum breytingar í einkalífinu sem og í dansinum en lætur það ekki halda sér frá stórsigrum og stórum draumum. Lífið spjallaði við Hönnu Rún Óladóttur.

”
Við stefnum alla leið á toppinn, markmiðið er að verða heimsmeistarar. Ferðast svo um heiminn, sýna og kenna.

NAFN: Hanna Rún Óladóttir

ALDUR: 22 ára

HJÚSKAPARSTAÐA: Á lausu

STARF: Ég er aðeins að vinna í Gullsmiðju Óla hjá foreldrum mínum og einnig í fataversluninni Lolitu. Einnig kenni ég samkvæmsdans hjá DÍH (Dansíþróttafélagi Hafnafjarðar og DG (Dansfélag Garðabæjar) Svo sit ég fyrir og farða fyrir sýningar og margt fleira.

BÖRN: Engin börn – engin eins og er.

Til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn – áttirðu von á því að ykkur Nikita Bazev myndi ganga svona vel, ekki búin að dansa saman nema í 10 daga? Takk æðislega fyrir það. Við æfðum í átta til tíu tíma á hverjum degi í þessa einu og hálfu viku sem við æfðum saman áður en við kepptum, æfingarnar voru búnar að ganga rosalega vel, ég var búin að ákveða það í huganum að þetta myndi ganga vel og fókusinn var mikill. Það var í rauninni ekkert annað í boði en að ganga vel.

Smullu þið saman um leið og þið hittust? Já, allt small saman á fyrstu æfingunni eins og púsluspil.

Hvernig kom það til að hann kom til landsins? Það var sett inn auglýsing á Dancesportinfo þegar við slitum danssambandinu, ég og fyrrverandi, en það er danssíða sem

allir í dansheiminum skoða. Þar eru upplýsingar um allar keppnir, úrslit, danssambandslit og allt sem er að gerast í dansheiminum. Ég hafði svo samband við hann og við töluðum saman og hann var strax til í að koma til Íslands í prufu.

Og nú er hann fluttur hingað ekki satt? Jú, hann er fluttur til Íslands. Hann kom til reynslu í þrjá daga það gekk svo vel og við vorum svo ánægð hvort með annað að hann fór út í aðra þrjá daga til að skila íbúðinni og ganga frá öllum sínum málum. Kom svo til landsins með allt sitt í tveimur ferðatöskum.

Er ekki mikilvægt að dansfélagar séu góðir vinir og geti treyst hvor öðrum? Það skiptir jú miklu máli að það sé traust og gott samband á milli dansara, bæði í dansinum og utan hans. Þú getur sett saman tvo dansara á heimsmeilivæðna en ef þeir ná ekki vel saman þá gengur það aldrei. Þetta er samvera nánast allan sólahringinn, ferðalög út um allan heim og mikil nánd.

Er ekki auðvelt að falla fyrir dansfélaganum, svona miðað við hvað þið eyðið miklum tíma saman? Það er ekki oft sem danspör eru saman, það eru margir sem halda að danspör séu bara pör yfir höfuð en það er alls ekki þannig. Fólk talar um að í dansinum séu miklar tilfinningar eins og í ▶



Hanna segist ætla alla leið í dansinum.

SOHO MARKET

Verðsprengja

„SJÁÐU VERÐIN“

Aðeins 6 verð

- 1.000,-
- 1.500,-
- 2.000,-
- 2.500,-
- 3.000,-
- 4.000,-

NÝJAR VÖRUR Í NÆSTU VIKU

SOHO MARKET Grensásvegur 8, sími 553 7300
mán-fim 12-18, fös 12-19, lau 12-17



Nikita Bazev og Hanna Rún eru líka góðir vinir en Nikita er nú fluttur til landsins til að dansa við Hönnu.





Uppáhalds

MATUR: Humarsúpan hennar mómmu.
DRYKKUR: Það mun vera blóðappelsínudjús.
VEITINGARSTAÐUR: Ekki viss þar sem ég fer sjaldan út að borða.
HÖNNUÐUR: Það er enginn í sérstöku upphaldi. Ég hanna mikið sjálf mitt eigið hvort sem það er skart eða fót.
HEIMASÍÐA: Klárlega Facebook.com.
TÍMARIT: VOGUE er í upphaldi.
HREYFING: Dans.
DEKUR: Dekur í Laugum er algjört æði.
SNYRTIVÖRUR: Kanebo-púður, Saint laurent-maskari, Loreal-varablýantur, Kanebo-augnhárablýantur, sólarpúður frá Body Shop og varalitur frá Mac.
TE EDA KAFFI: Ég er voða lítið fyrir te og kaffi en kaffi þegar ég er að æfa mikið og er orðin of þreytt til að halda mér vakandi.

facebook

Hanna Rún heldur sér í góðu formi með dansinum enda æfir hún alla daga vikunnar.



Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



Dönsku astma- og ofnæmissamtökin

Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Storvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnlúpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í físku þessa dagana.

Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.

Létt er að flokka litríka sokka.

NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímín í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolítið af Neutral Color í hölfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



► rúmbu sem er dans ástarinnar, en þar þarf maður að sýna mikla ást og tilfinningar. Þar getur hafa verið að rífast rétt áður en það fer út á gólf að dansa rúmbu, þá þarf bara að fara í karakter, og dansa eins og lífið sé yndislegt og ástin sjóðandi heit. Svo gerist það auðvitað að danspör verða ástfangin, ég get nú staðfest það.

Hvað gerði þátttaka þín í sjónvarpsþættinum Dans dans dans fyrir ferilinn? Fyrst og fremst var þetta ótrúlega skemmtileg upplifun og ég kynntist mörgu frábæru fólki sem vann við þáttinn. Það var alltaf verið að segja okkur að fara út fyrir þægindarammann, ekki bara gera það sem við vorum best í og búin að vera að þjálf og æfa alla daga heldur prófa eitthvað nýtt. Það er ég farin að gera líka í keppisdansinum.

Hverjir eru helstu kostir og gallar svona keppni að þínu mati? Kosturinn við þáttinn Dans dans dans er aðallega sá að þáttur sem þessi hafi verið gerður. Ég var svo ánægð þegar ég frétti að það væri að fara að koma dansþáttur því það vantaði alveg. Dansinn hefur verið svo mikið í skugganum. Íslendingarnir fengu loksins að sjá aðeins hvað þeir eiga flotta dansara, ég held líka að fólk hafi ekki áttað sig á því hvað dans er gríðarlega mikil íþrótt og list. Margir halda að það sé ekkert mál að dansa, „ég dansa oft á djamminu“ hefur fólk stundum sagt við mig. Það er ekki alveg hægt að líkja því saman.

Eini gallinn við þáttinn var það að leyfa þjóðinni að ráða úrslitum því þetta er svo lítið land að þú þarft ekki annað en að þekkja til nokkurra fyrirtækja sem styrkja þig með nokkur hundruð atkvæðum og þú ert búin að vinna. Þetta var því aðeins meiri vinsældakosning en keppni um bestu dansara, en samt frábær þáttur.

Pú hættir að dansa við dansfélaga þinn til margra ára rétt eftir þáttinn og sömuleiðis hættuð þið saman sem par. Var óþægilegt að hætta saman svona opinberlega? Það var þínu óþægilegt en samt ekki, því þegar þetta var komið í blöðin var mér farið að líða

mun betur. Það er auðvitað alltaf sárt að hætta með einhverjum, en svona er lífið. Ég á svo æðislega fjölskyldu sem studdi mig alla leið og góða vini sem björguðu mér alveg. Að þetta skyldi gerast rétt fyrir jól var líka erfitt, en í dag er ég rosalega þakklát og mér líður vel. Ég finn það að núna að ég er á réttri leið og á réttum stað í lífinu. Ég veit nákvæmlega hvað ég vil og hvað ég vil ekki. Þetta fer allt í reynslubankann.

Hvað kom til að þið hættuð saman? Hann vildi ekki samband svo það var ekkert sem ég gat gert í því nema bara halda áfram. Við vorum líka búin að þroskast mikið í sundur enda mjög ólík. Við vildum ólíka hluti og metnaðurinn var ekki sá sami hjá okkur lengur.

Fannstu fyrir umtali? Já, ég fann heldur betur fyrir umtali en það hef ég reyndar alltaf gert, enda er kalt á toppnum. Ég hef lært að hlusta ekki á það og lifa með því. Ég læt ekkert stoppa mig og fólk má halda það sem það vill og segja það sem það vill, ég veit hvað er satt og hvað er ekki satt og það er það eina sem skiptir máli.

Hvað er svo fram undan í dansinum? Við erum að fara til útlanda í einkatíma eftir helgi og keppum svo laugardaginn 16. febrúar á móti sem heitir Copenhagen Open sem er rosalega stórt og sterkt mót. Svo komum við heim í tvær vikur og förum því næst til Þýskalands því dansherrann minn er að fara að taka þátt í Dancing with the stars, samhliða því verðum við að æfa stíft og keppa.

Hvert stefnið þið sem nýtt og hæfileikaríkt danspar? Við stefnum alla leið á toppinn, markmiðið er að verða heimsmeistarar. Ferðast svo um heiminn, sýna og kenna.

Hvað æfið þið oft í viku? Við æfum á hverjum einasta degi!

Reynir aldrei á andlegu hliðina, að æfa svona stíft? Jú, það reynir rosalega á andlegu hliðina, þess vegna skiptir miklu máli að tala og létta á sér. Þetta er í raun margfalt erfiðara andlega en líkamlega.

Er þetta ekki dýrt sport? Heldur



Nikita Bazev og Hanna Rún ná vel saman á dansgólfinu.



betur, við erum kannski að fljúga út tvisvar í mánuði, gista á hótélum, kaupa kjóla, dansskó, einkatíma, borga keppnis- og æfingagjöld og svona gæti ég haldið endalaust áfram. Það er því miður lítið sem ekkert um styrki í þessu nema þegar við förum á Evrópu- og heimsmeistaramót, allt annað þurfum við að borga sjálf. Mamma og pabbi hafa stutt mig fjárhagslega í dansinum alveg frá því ég byrjaði og gera enn og ég væri aldrei þar sem ég er í dansinum í dag ef ég hefði þau ekki og þeirra stuðning. Ég gæti aldrei borgað þetta allt sjálf.

Hver er aðal lykillinn að veltengni þinni? Hann er að vera jákvæð og setja mér markmið og standa við þau. Ég er rosalega mikil keppnismanneskja og ef ég ætla mér eitthvað þá geri ég það, ég þoli ekki hálfkák.

Eitthvað að lokum? Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi.


Hanna Rún hefur setið mikið fyrir samhliða dansinum.



Jurta og bætiefna blanda frá Solaray sem vinnur að því að létta á ennis- og kinnholubólgu

Bætiefnið Sinus Source frá Solaray er fremur nýtt á markaðnum og hefur fengið góðar viðtökur hér á landi vegna þess hve skjótt það getur linað ennis- og kinnholu óþægindi. Þessi bætiefna blanda er vel hugsuð og vönduð af hálfu sérfræðinganna hjá Solaray, hún virkar afar vel gegn þessari óþægilegu ertingu sem getur haft mikil áhrif á lífsgæði fólks. Mengandi efni og ofnæmi geta einnig valdið ennis- og kinnholubólgu eða sýkingum.

Sinus Source frá Solaray er talið hjálpa við að koma í veg fyrir bólgu og jafnvel sýkingar sem valda oft sársaukafullum og óþægilegum einkennum.



Þetta bætiefni inniheldur blöndu af jurtum eins og cayenne, nettlu og ginkgo biloba. Einnig inniheldur Sinus Source þekkt andoxunarefni, quercetin og bromelain, sem geta hjálpað til við að koma í veg fyrir vandamálið. Einkenni sýkingar eða bólgu er oft sársauki og þrýstingsverkur í enni og kinnum. Sinus Source frá Solaray inniheldur einnig 600 mg af c-vítamíni til að auka á andoxunar áhrif bætiefnisins og til að styðja við heilbriggt ónæmiskerfi. Sinus Source fæst í flestum heilsuvöruslunum og apótekum.



Brottir fyrirsetustörfum Hönnu





Rómantísk og kósý stemning ríkir á biðstofunni.



Hárið virkar hreint á augabragði með þurrsjampói frá Batiste.



Label M. hárvörur fást í úrvali.



Nails Inc er einstaklega vandað merki. Það nýjasta er naglalakk með leðuráferð. Þá fást vönduð krullujárn, hárblásarar og burstar frá HH Simonsen á Beauty Barnum.



Fagfólk með mikla reynslu. Kalli Berndsen ásamt starfsfólki Beauty Barsins, Sigmundi „Simba“ Sigurðssyni, Steinunni Ósk Brynjarsdóttir og Tönu Dagbjörtu Sigurðardóttir. Þau taka vel á móti fólki á nýjum og endurbættum Beauty Bar í Kringlunni. MYND/ANTON

BEAUTY BARINN FLYTUR Í KRINGLUNA

Karl Berndsen, hárgreiðslumeistari, förðunarfræðingur og útlitsráðgjafi, er flestum Íslendingum kunnur. Hann er eigandi Beauty Barsins sem nú hefur flutt sig um set. Og á dögunum opnaði nýr og endurbættur Beauty Bar á þriðju hæð Kringlunnar.

Beauty Barinn, sem áður var í Höfðatúni, hefur nú flutt á þriðju hæð Kringlunnar, beint fyrir ofan Kaffitár og Hagkaup. „Þessi nýja staðsetning hentar starfsemi fullkomlega. Hér eru næg bílastæði og aðgengi fyrir viðskiptavinum frábært. Fyrir utan hve hentugt það er að geta sameinað þjónustuna öðrum erindagjörðum fólks,“ segir Karl Berndsen, eða Kalli eins og hann er kallaður, ánægður með nýja Beauty Barinn í Kringlunni.

Aukin þjónusta á nýjum stað

Aðstaðan í Kringlunni gerir það að verkum að Kalli getur nú sinnt útlitsráðgjöf þess en áður. „Ég get nú hæglega sameinað alla mína þjónustu og boðið viðskiptavinum ráðgjöf við fataval í verslunum Kringlunnar, auk þess að farða þá og klippa. Beauty Barinn er líka opinn á laugardögum sem hentar mörgum óneitanlega mjög vel.“ Það er því einstaklega hentugt að nýta sérþekkingu Kalla og þjónustuna á Beauty Barnum til að lífga upp á útlitið. Bæði hvað snertir hár, förðun, neglur og fót. „Hér er allt til staðar sem gerir gott útlit enn þá betra.“

Virt fagfólk á Beauty Barnum

Ásamt Kalla starfar hópur af reynslumiklu, virtu og fjölbáttu fagfólki á sviði nagla, hárs og förðunar á Beauty Barnum. Sigmundur „Simbi“ Sigurðsson, Steinunn Ósk Brynjarsdóttir, Tanja Dagbjört Sigurðardóttir og Jón M. Ágústsson Berndsen eru öll reynsluboltar. Þar af eru tveir sérfræðingar í airbrush-förðunartækni sem er mjög vinsæl í dag.

Naglabar/ hraðþjónusta

Víða erlendis tíðkast að fólk fái svokallaða hraðþjónustu í þjölun og lökkun á nöglum. „Við á Beauty



Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á bestu hárvörur á markaðnum,“ segir Kalli.

Barnum erum ekki neinir eftirbátar og ætlum því að bjóða fólki upp á það að droppa hér við og fá flottar neglur með litlum fyrirvara.“

Nails Inc

Nails Inc er einstaklega vandað handsnyrtivörumerki og þekkt um allan heim. „Hjá okkur er hægt að fá alla línuna frá Nails Inc en þetta eru ótrúlega flott og vönduð naglalökk. Það allra nýjasta á markaðnum er til dæmis naglalakk með leðuráferð. Þá seljum við einnig frábær augnhár frá Get Lashed svo dæmi sé nefnd.“

Hágæða hárvörur

Hárvörurnar á Beauty Barnum eru gæðavörur sem flestir ættu að kannast við. „Við bjóðum viðskiptavinum okkar aðeins bestu fánlegu hárvörurnar á markaðnum. Redken, Label M, HH Simonsen, sem eru með krullujárn, hárblásara og bursta, Ghd-styling, Moroccanoil og Batiste-þurrsjampóið vinsæla.“

Víðtæk reynsla um allan heim

Karl lauk meistaraþrófi í hárgreiðslu

á Íslandi en hélt að námi loknu til Bretlands þar sem hann lærði förðunarfræði. Í framhaldinu starfaði hann í tólf ár erlendis sem hárgreiðslumeistari og förðunarfræðingur fyrir nokkur af helstu tískutimaritum heims, þar á meðal Vogue og Cosmopolitan. „Á þessum árum vann ég mikið fyrir stór nöfn í bransanum, bæði tímarit og við tiskusýningar hjá helstu fatahönnuðum heimsins. Þar að auki kom ég að vinnu við tónlistarmyndbönd og fleira tengt fyrirsætu- og kvikmyndabransanum.“

Ný þáttaröð í mars

Frá árinu 2008 hefur Karl verið með vinsæla sjónvarpsþætti og útlitsráðgjöf. Í fyrstu var hann með þáttinn „Nýtt útlit“ á Skjá einum en flutti sig svo um set. „Í fyrra fór ég yfir á Stöð 2 með þáttinn „Í nýju ljósi“. Það er einmitt verið að fara af stað með nýja þáttaröð af þeim þætti nú í mars,“ segir Kalli fullur tilhlökkunar.

➤ [Sjá nánar á visir.is/lifid](http://visir.is/lifid)

STEIG FYRST Á SVIÐ FIMM ÁRA GÖMUL

UNNUR EGGERTSDÓTTIR SÖNGKONA Á LANGAN FERIL SEM SÖNG- OG LEIKKONA EN HÚN FER MEÐAL ANNARS MEÐ HLUTVERK SOLLU STIRÐU Á ÍSLANDI.

Unni Eggertsdóttir þarf vart að kynna eftir að hún söng sig inn í hjörtu landsmanna með flutningi sínum í Eurovision og hafnaði í öðru sæti.

Lífið forvitnaðist aðeins um bakgrunn þessarar hæfileikaríku ungu stúlku sem einnig fer með hlutverk Söllu stírðu hér á landi og komst að því að hún er langt í frá óvön sviðsljósinu.

Fullt nafn? Unnur Eggertsdóttir **Aldur?** 20 ára **Starf?** Vinn á auglýsingastofunni Jónsson&Le'macks og Sollast um helgar. **Fyrsta reynslan á sviði?** Það hefur verið danssýning í Belgíu þegar ég var aðeins fimm ára gömul. **Áttu eitthvað sameiginlegt með Söllu stírðu?** Já, mjög margt. Ég er reyndar tíu árum eldri en hún en við erum báðar hressar og elskum að syngja og dansa. Svo erum við báðar mjög duglegar að borða íþróttanammi. **Hvað stendur upp úr eftir Eurovision?** Allt yndislega fólkíð sem ég kynntist og að syngja í þessu dásemdahúsi fyrir troðfullum sal – þrisvar sinnum á einum degi! **Stóri draumurinn?** Að gera eitthvað stórkostlegt.



Ég í Fiðlaranum á þakinu.



Verið að leggja lokahönd á förðunina í Hörpu.



Æfing með dönsurum og bakröddum fyrir sjónvarpssalinn.



Ég og Kylie besta vinkona mín í Oliver.



Við Dýri íþróttálfur á rúntinum!



Í skýjunum yfir öðru sætinu í Söngvakeppni sjónvarpsins!

NOVEXPERT-LEIÐIN | NÝJAR HÚDVÖRUR

Þú nýtur góðs af frönskum vísindum

■ Húðin er stærsta líffæri líkamans og við treystum ekki hverjum sem er fyrir húð okkar. Hjá Novexpert er neytandinn alltaf meðvitaður um hvaða vísindamaður þróaði viðkomandi vöru.



Dr. D'Anna



Dr. Lectere



Dr. Coletta



Dr. Lintner



100% náttúrulegar vörur
 Án Parabena
 Án Rotvarnarefna
 Án ilm og litarefna
 Án mineral olíu

- 1. Sameina tvær hugmyndir um fegurð
- 2. Leiða saman tvær kynslóðir vísindamanna
- 3. Samtvinna hugsjónir, raunsæi og árangur

LABORATOIRES
NOVEXPERT
 PARIS

20% kynningar afsláttur á Novexpert í Lyfju um land allt
 Föstudaginn 8. feb. – þriðjudagsins 12. feb.

LYFJA
 - Lífið heil



Ekki til betri leið til að undirbúa sig en í faðminum á mömmu.



Ég og Elísabet Alma, stílistinn minn, að ákveða hálsmen við kjólinn.

Pågen

Kanilsnúðar

Það er leikur einn að opna nýju kanilsnúða pokana frá Pågens og enn einfaldara að loka þeim, þannig haldast snúðarnir mjúkir og góðir.



Nú opnum við og lokum að framanverðu.

Pågen
KANILSNÚÐAR

Pågen smásnúðar með dásamlegri kanilfyllingu. Frábærir með kaffinu, í nestisboxið, -eða bara til að nasla á þegar löngunin hellist yfir.

...en munið bara að loka á eftir ykkur

Lífið

KYNDLAGANGA OG KÆRLEIKUR

„Markmið hátíðarinnar Kærleikar er að efla samkennd, hlýju og kærleika og um leið minna okkur á að við erum öll mikilvæg í samfélaginu,“ segir **Bergljót Arnalds**, hugmyndasmiður og stjórnandi Kærleika sem fram fara á sunnudaginn klukkan 17.00.

Komið verður saman fyrir framan Alþingishúsið þar sem nokkrir þjóðþekktir einstaklingar leggja inn falleg orð. Meðal gesta verður Vilborg Arna pólfari. Síðan verður gengin kyndlaganga í

kringum Tjörnina, Lúðrasveitin Svanurinn spilar fyrir göngunni sem endar við lðnó þar sem boðið verður upp á heitt súkkulaði og Vocal Project undir stjórn Matta Sax syngur nokkur lög.

Andlitsmálun Öldu Brynju býður krökkum andlitsmálningu og leikhópurinn Perlan, Sóla sögukona og Sönglist verða á svæðinu. Litur hátíðarinnar er rauður og er fólk hvatt til að taka eitthvað rautt með. Hátíðin er lokaatriðið á Vetrarhátíð.



Helgar- MATURINN



Berglind Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri World Class, situr ekki auðum höndum í eldhúsinu en það vita allir sem til hennar þekkjá. Hún deilir hér uppskrift að dásamlegri vetrarsúpu.

Indversk kjúklingasúpa

Fyrir sex

Innihald:

5-6 kjúklingabringur
2-3 stk. sætar kartöflur
2 stk. rauðar paprikur (skornar í ræmur)
1 stk. púrrulaukur (skorinn í ræmur)
3 stk. hvítlauksgeirar (saxaðir)
1-3 msk. karrí
3-4 msk. olía
2 flöskur Heinz-chillisósa
400 g rjómaostur
5 dl matreiðslurjómi
1 l vatn (jafnvel meira)
Um 1 msk. rósmarín
Um 2 msk. Eftirlæti hafmeyjunnar (Pottagaldrar)
Um 1-2 teningar kjúklinga-kraftur

Aðferð:

Setjið vatn, chilisósurar, rjómaost, rjóma, kjúklingakraft og krydd (rósmarín og Eftirlæti hafmeyjunnar) í pott og látið malla. Best er að rjómaosturinn bráðni alveg og svo má þynna súpuna með vatni ef hún þykir of þykk. Skerið þar á eftir sætu kartöflurnar í hæfilega stóra teninga og setjið út í súpuna, mallað áfram. Því næst eru paprika, púrrulaukur og hvítlaukur steikt upp úr karrí og olíu og bætt í pottinn. Þetta allt látið malla þar til kartöfluteningarnir verða mjúkir. Á meðan eru kjúklingabringurnar skornar í bita og steiktar á pönnu, kryddaðar með salti og pipar og bætt við, látið malla áfram í um 10 mínútur og þá er súpan tilbúin. Frábært er að bera þessa súpu fram með naan-brauði eða öðru slíku. Eins og með margar súpur er þessi súpa alveg jafn góð, ef ekki betri, næsta dag.

BAÐHÚSIÐ

Nýtt upphaf - Ný framtíð - Ný þú

Áskrift að betri heilsu frá aðeins *6.490 á mánuði. Þú getur byrjað upp á nýtt - orðið ný manneskja!

Skráðu þig í KK klúbb Baðhússins og við aðstoðum þig við að ná markmiðum þínum.

KK áskrift veitir þér aðgang að öllum tímum, tækjasal og **KK lokuðum námskeiðum.**

Einnig hefurðu aðgang að heitri laug vatnsgufu, sauna og okkar rómaða hvíldarhreidri. Skráðu þig strax í áskrift að betri heilsu og skapaðu þér nýja framtíð með okkur.

Nýtt upphaf - Ný framtíð - Ný þú.

[Sjá nánar á badhusid.is/kk](http://Sja.nanar.a.badhusid.is/kk)

www.badhusid.is
515-1900



6.490* á mánuði í KK áskriftarklúbbum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leidir, með mismunandi bindingu og fríðindum. Skóladáskrift, Grunnáskrift eða Eðaláskrift. Frítt aðgangur að lokuðum tímum og KK-námskeiðum fylgir öllum leiðum. Einnig frí barnagæsla.

Fyrirsæta Linda Pétursdóttir. Ljósmyndari Ásta Kristjánsdóttir.

fasteignir

EIGNAMIDLUN
1957 **55** 2012
Sala fasteigna í **55** ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins



„Wall street“ Reykjavíkur – topp íbúð

Til sölu um 200 fm ný íbúð á efstu hæð (sjöttu) með miklu útsýni í nýju húsi miðsvæðis í Reykjavík. Göngufæri við banka og stofnanir í Borgartúni.

- Þrjú svefnherbergi, tvö mjög stór, tvö baðherbergi, tvær stofur, þvottúsi innan íbúðar.
- Tvö stæði í bilgeymslu (ekki inni í fermetratölu).
- Aðeins tvær íbúðir eru á gangi. Tvær lyftur.

Íbúðin er innréttað á glæsilegan hátt með vönduðum efnum og tækjum. Hér er sjaldgæft tækifæri að kaupa stóra lúxus íbúð á besta stað. Hafið samband við Kjartan í síma 824 9093 til að bóka skoðun.

588 9090 · www.eignamidun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

atvinna

BYGGINGAVERKAMENN

Erum með vana byggingaverkamenn sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í s. 777 2 333 Handafl ehf

MÚRARAR

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í s. 777 2 333 Handafl ehf

fundir / mannfagnaður

Aðalfundur FEB árið 2013



Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn föstudaginn 15. febrúar nk. í félagsheimilinu að Stangarhyl 4. Dagskrá fundarins verður í aðalatriðum sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012.
3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2012.
4. Kosning fjögurra aðalmanna og tveggja varamanna í stjórn.
- Kaffihlé.
5. Umræður og afgreiðsla tillagna og ályktana.
6. Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2013.
7. Úrslit kosninga kynnt.
8. Önnur mál.

Fundurinn verður, sem fyrr segir, föstudaginn 15. febrúar og hefst kl. 13:00 en húsið opnar kl. 12:30. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér félagaskirteini fyrir árið 2012 (rauð skirteini).

Stjórnin

námskeið

ÁHUGAVERT NÁMSKEIÐ Á VEGUM MIÐSTÖÐVAR SÍMENNTUNAR Í HAFNARFIRÐI ER LÍF EFTIR DAUÐANN? DULRÆN MÁL

Magnús H. Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur.
11. – 25. febrúar. 3 skipti.
Mánudaga kl. 19.00 – 21.00.
Verð 6.900 kr.

Nánari upplýsingar í síma 585-5860 og á www.nhms.is



tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Skógrækt í landi Garðs II í Mývatnssveit,

Breyting á Dalvegi, Kópavogi,

Framleiðsla GPO ehf. á olíu úr plasti við Súluveg Akureyri.

Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærefrestur til 11. mars 2013.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

RAFMAGNRÚM 90X200
Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, nafn á dýnu Iq care. Kostar nýtt 195 þús, selst á 100 þús.
Upplýsingar í síma 663 4552

Dýrahald

HUNDASKÓLI HEIMSENDIHAUNGA

Hundanámskeið fyrir þig og þinn hund. Ómissandi fyrir alla hundaeigendur. Byrjar 12. feb. Björn Ólafsson hundapjálfafræðingur. www.hundaskoli.net, S: 897 1992.

HUNDAGALLERÍÐ AUGLÝSIR
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro Erum á facebook.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

- RÉTT VIÐ HLEMM -
Notaleg 2ja herbergja 50fm risibúð. 100m í stræti. Ekki möguleiki á leigusamning. Er laus.
Upplýsingar í eilin@simnet.is

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj.
Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20.
www.leiguherbergi.is

Húsnæði óskast

Reglusöm hjón óska eftir lítilli íbúð til leigu strax. Greiðslugeta ca. 100 þ. Skilvisum greiðum heitið. Uppl. í S: 844 6547.

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofuherbergi, sameiginleg setustofa. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar starfsfólk í eftirfarandi stöður: Dyraverði, eldhús og bar. Ekki yngri enn 22 ára. Umsóknir sendist á: gorillan@gorillan.is

AUPAIR Í NOREGI
Barngóð Aupair óskast apríl - ágúst 2013. Við búum 7km frá Sola og 5 mín frá stöðinni. Áhugasamir sendið ferilsk. m. mynd á netf: anna_sigrun77@hotmail.com

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Óska eftir að kynast skemmtilegri petite stelpu á aldrinum 20-35, sem er til í fjöruga hittinga á virkum kvöldum. Bragi Eiríkur S:6616016

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Tangabryggja 14 - 16
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 14-16 við Tangabryggju. Í breytingunni felst að breyta atvinnuhúsnæði í blandað atvinnu- og íbúðarhúsnæði ásamt að því að afmarka lóð fyrir sorpskýli og skýli fyrir reiðhjól. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **8. febrúar 2013** til og með **22. mars 2013**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, **www.skipbygg.is**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 22. mars 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 8. febrúar 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071

KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. listi, 6. í röð, 8. kirna, 9. arinn, 11. þys, 12. afferming, 14. dýr, 16. í röð, 17. drulla, 18. fornafn, 20. tala, 21. kjáni.

LÓÐRÉTT

1. gáski, 3. tveir eins, 4. prófuðum, 5. tímabils, 7. hverfull, 10. rjúka, 13. líða vel, 15. auma, 16. frestur, 19. kusk.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. ærsi, 3. kk, 4. reyndum, 5. árs, 7. stöpuill, 10. ósa, 13. una, 15. amma, 16. töf, 19. íó.
LÁRÉTT: 2. skrá, 6. rs, 8. ker, 9. stó, 11. ys, 12. losun, 14. panda, 16. tu, 17. aur, 18. öll, 20. mm, 21. flón.

Fortíðin og framtíðin

BAKPANKAR Magnúsar Þorláks Lúðvíkssonar

Þær eru nokkrar tilfinningarnar sem maður verður var við nú þegar einungis ellefu vikur eru til kosninga. Harðir stjórnarandstæðingar eru brattir enda sjá þeir fram á að losna við vinstristjórnina. Harðir stuðningsmenn stjórnarflokkanna eru kvíðnari og lýsa margir áhyggjum sínum af því að útlit sé fyrir að „hrunverjar“ komist aftur til valda. Svo eru það þeir sem nenna ekki kosningum enda þreyta á stjórnmalakarpi algeng.

bil sem nú er að enda snerist um að leysa bráðavandamálin sem hrúðið bjó til eða afhjúpaði. Það má deila um hvernig það tókst en mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda á því næsta er að framfylgja stefnu sem miðar að því að leysa þau flóknu vandamál sem enn steðja að þjóðinni og í leiðinni búa í haginn fyrir vaxtarsteið sem með tíð og tíma getur á ný tryggt lífskjör eins og þau best þekkjast.

NOKKUR viðfangsefni blasa við. Það þarf að auka framleiðni og verðmætasköpun í landinu enda forsenda lífskjarasóknar. Í öðru lagi þarf að stíga raunveruleg skref í áttina að afnámi gjaldeyrishaftanna og ákvarða hvernig fyrirkomulagi gjaldmiðilsmála verður háttað til framtíðar. Þá þarf að skýra hvernig lánaumhverfi verður boðið upp á Íslandi og hefja á ný uppbyggingu mennta- og heilbrigðiskerfisins. Þetta og fleira þarf að gera án þess að tefla í hættu getu ríkissjóðs til að niðurgreiða skuldir ört á næstu árum. Þá er enn ónefndur sá alvarlegi vandi þjóðarbúsins að það megnar ekki á óbreyttu að standa undir endurgreiðslum erlendra lána á næstu árum.

PETTA eru flókin viðfangsefni og þau bjóða fæst upp á augljósar lausnir sem allir geta sameinast um. Sá stjórnmalaflokkur sem getur kynnt raunverulega framtíðarsýn um þessi mál á skilið að uppskera í komandi kosningum.



HÖRÐU stjórnarandstæðingarnir vilja að kosið verði um óhæfuverk og afskiptaleysi stjórnarinnar. Þeir vilja algjöran viðsúning á stefnu stjórnvalda. Hörðustu stuðningsmenn stjórnarinnar virðast til í þennan slag enda telja þeir efnahagslegan árangur stjórnarinnar, sem tók við skelfilegu búi, góðan og vilja sjá stjórnina uppskera fyrir rústabjörgunina. Ef ég mætti velja færi hins vegar sem minnst fyrir þessum slag og sem mest fyrir tali um framtíðina.

KJARADEILA hjúkrunarfræðinga er enn ein áminningin um að lífskjör á Íslandi eru ekki lengur sambærileg við lífskjör í nágrennalöndunum. Þau er lakari þrátt fyrir að á Íslandi sé unnið meira og lengur en á Norðurlöndunum. Það kjörtíma-

Helgarblað Fréttablaðsins



„Bubbi hefur ekki enn hringt og skammað mig“

Eurovisionstjarnan Eyþór Ingi Gunnlaugsson um lífið, ferilinn og fjölskylduna.

Meðal efnis núna um helgina



Hinn dæmigerði Íslendingur

Þegar vel er að gáð sést að meðal-Íslendingurinn er ekki alltaf samkvæmur sjálfum sér.




700 sprautufíklar

Allt að 700 Íslendingar sprauta sig reglulega með fíkniefnum. Flestir eru á fertugs- og fimmtugsaldri.

MYNDASÖGUR

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNIÐ



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

3. SKUGGABÓKIN KOMIN Í NETTÓ


Fimmtíu
skuggar
frelsis

Fifty
Shades
Freed™

EL James

**EINNIG FÁANLEGT
Í NETTÓ!**

Allur þrífleikurinn í einum
pakka í enskri útgáfu



nettó *bækur*
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

FERSKASTI NAMMIBARINN

FRÁ NEW YORK



JARÐARBER
STÓR ASKJA
999KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1199

NÝTT



BERRY WHITE
lífrænar, léttir, ljúffengir og
svalandi drykkir. Án viðbættis
sykurs. Engin aukefni.

BOLLUDAGURINN NÁLGAST



**ROYAL
BÚÐINGUR**
góður á milli



**KÖTLU
VATNSDEIGSMIX**
auðveldar bollubaksturinn



BOLLUGLASSÚR


TILBÚNAR BOLLUR
Rjórabollur (ger) með súkkulaði.
Rjórabollur (ger) með púnsi
Vatnsdeigsbollur:
Irish coffie og karamella
Rjórabollur með súkkulaði
Bananafylling og karamella
Daim með kaffi og karamellu
NÝTT Piparmyntubolla



MYLLU BOLLUR
gerbollur, vatnsdeigsbollur
litlar og stórar



SULTUR
mikið úrval



Gildir til 10. febrúar á meðan birgðir endast.

HOLLUSTA ÚR HAFI



FROSIN
RAUÐSPRETТА

999 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1699



LÉTTISALTADIR
ÞORSKHNAKKAR

1499 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2399



FROSIN
LAXAFLÖK

1399 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1799



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg



TAGLIATELLE MEÐ KALKÚN & TÓMAT-BASIL SÓSU

fyrir 4 að hætti Rikku

300 g kalkúnalundir, skornar í minni bita
2 hvítlauksrif, pressuð
olíu til steikingar
1 msk ítölsk hvítlauksblanda (pottagaldrar)
150 ml hvítvín, soðið niður í 2 msk
200 ml rjómi
80 g rifinn parmesanostur
1 msk tómatauk úr sölþurrkuðum tómötum
400 g tagliatella pasta
2 tómatar, fræhreinsaðir og niðurskornir
1 msk fersk basilíka
sjávarsalt og nýmalaður pipar

Steikið kalkúnalundirnar og hvítlaukinn upp úr olíu og hvítlaukskryddi. Fjarlægjið kalkúninn af pönnunni og hellið hvítvíninu á pönnuna og látið sjóða niður þar til að það eru tvær matskeiðar eftir af því. Hellið rjómanum út á ásamt parmesanostinum og tómataukinu. Sjóðið pastað og hellið vatninu frá. Bætið tómötunum og basilíkunni út í sósuna og kryddið með salti og pipar. Bætið kalkúninum og pastanu saman við og berið fram.

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

KALKÚNALUNDIR

2399KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3199



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNASNEIÐAR
1539KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2199



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

LAMBAPRIME
2924KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3898



TILBOÐ
10%
afsláttur á kassa

FROSHNAR INNFLUTTAR
NAOTALUNDIR
3958KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4398



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

PÚRTVÍNS
LAMBAFÍLE
4124KR/KG
VERÐ ÁÐUR 5499



SKÓGARBERJA EÐA
MAROKKÓ KRYDDLEGIÐ

Jóí
FEL

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

JÓÍ FEL ÚRBEINAÐ
LAMBALAERI
2024KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2698.-



BAUNASÚPA

1,4-1,5 kg saltkjöt
400 g baunir
2,8 lítrar vatn
50 g beikon
1 stór laukur
500 g kartöflur
500 g rófur
250 g gulrætur

Baunir eru lagðar í bleyti yfir nótt og svo eru þær skolaðar og settar í pott með vatninu og lauk sem er búið að flysja og skera í bita. Beikoni og kjöti er bætt við og allt soðið við vægan hita í ca. 60 mín. Það þarf

að hræra í pottinum og fleyta af öðru hverju. Þá er sett út í kartöflur, rófur og gulrætur og soðið áfram við væga suðu í ca. 30 mín. Saltað eftir smekk ef þurfa þykir.

SALTKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR



SALTKJÖT
BLANDAÐ
1199KR/KG

SALTKJÖT
VALIÐ
2399KR/KG

45% MINNA SALT -SAMA BRAGÐ

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sérilagi þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting og/eða eru yfir kjörþyngd. Kjötmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Barnsleg, aldrei barnaleg

Porkell Sigurbjörnsson tónskáld verður jarðsúnginn í dag. Porkell var fjölhæft tónskáld sem barðist fyrir því að Íslendingar víkkuðu út sjóndeildarhring sinn á tónlistarsviðinu. Jónas Sen, tónlistarrýnir Fréttablaðsins, fer yfir feril tónskáldsins.

Porkell Sigurbjörnsson tónskáld lést 30. janúar 74 ára að aldri. Hann var án efa eitt af mestu tónskáldum þjóðarinnar. Nokkrir sálmar hans eru forkunnarfagrir og mörg af hans stærri verkum eru gersemar.

Mín fyrstu kynni af Þorkatli voru í tónlistarsögu í Tónlistarskólunum í Reykjavík. Ég var þá tólf ára, óþekkur og agalaus, og með takmarkaðan áhuga á námsefninu. En svo sagði Þorkell allt í einu frá mjög merkilegu fyrirbæri. Hann fór að tala um geldinga. Um það að fátækir foreldrar, sem vonuðust til að synir sínir yrðu forríkar söngstjörnur síðar meir, létu skera undan þeim áður en þeir komust á gelgjuskeiðið. Það var til að þeir héldu barnsröddinni, sem þótt fint. Þetta var ekkert óalgengt á sextánda og sautjándu öld. Mér fannst það óskaplega skondið í barnskap mínum og skellið. Þorkell hvessti þá á mig augum og sagði: „Já, finnst þér þetta myndi, Jónas?“ Þá þagnaði ég og skammaðist mín. Eftir það hagaði ég mér vel í tónlistarsögu.

Svo sem títt er um tónlistarmenn á Íslandi var Þorkell kennari. Hann kenndi í Tónlistarskólunum og einnig í Listaháskólunum eftir að hann var stofnaður. Svo var hann heildur-doktor við Hamline-háskólann og félagi í Konunglegu sænsku tónlistarakadémiunni. Og hann spilaði á píanó og samdi auðvitað tónlist. Verk hans eru rúmlega 300 talsins.



PORKELL SIGURBJÖRNSSON 1938-2013, „Tónmál Porkels var fremur fingert, hann kom meiningu sinni yfirleitt til skila með höfsemi,“ skrifar Jónas. „Það var einhver ójarðnesk gleði yfir öllu saman sem var svo hrífandi. Fá tónskáld ná að galdra fram slíka stemningu.“

→ Tónmál Porkels var fremur fingert, hann kom meiningu sinni yfirleitt til skila með höfsemi. Það voru ekki mikil átök í tónlistinni hans. Engu að síður var dýptin oft auðmerkjanleg.

Barátta fyrir vísýni

Þorkell var baráttumaður fyrir því að Íslendingar víkkuðu út sjóndeildarhring sinn á tónlistarsviðinu. Þegar hann kom úr námi frá Bandaríkjunum árið 1961 ríkti ákveðin stöðnun í tónlistarlífinu hér. Ekki síst í Ríkisútvarpinu, sem þá sinnti nýrri tónlist ekki sérlega vel. Ég

hugsa að margir hafi litið svo á að þegar væri búið að semja alla góða tónlist. Ekki væri neinu bætandi við flóruna!

Þorkell var ekki sáttur við þessi viðhorf. Hann barðist gegn þeim, m.a. með því að gera útvarpsþættina Tónlist á atómöld, sem urðu langlífir. Svo var hann for-

maður Tónskáldafélags Íslands um langt skeið, formaður Musica Nova á tímabili og forseti Bandalags íslenskra listamanna. Um tíma var hann framkvæmdastjóri og í stjórn Listahátíðar í Reykjavík. Hann var meðal stofnenda Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og var lengi vel í stjórn STEFS.

Rafmagnið heillaði

Þorkell var einn af frumkvöðlum raftónlistarinnar hér á landi. Hann var fyrstur til að læra að semja slíka tónlist. Reyndar gerði hann ekki mikið af því sjálfur eftir að hann kom úr námi. Á þessum árum var ekki heldur auðvelt að búa til raftónlist. Tölvurnar voru ekki til í þeirri mynd sem við þekkjum þær nú. Menn notuðust aðallega við segulband og tæki sem framkalla sínusbylgjur. En Þorkell hafði engu að síður brennandi áhuga á nýjungum á þessu sviði. Hann var óþreytandi við að vekja á þeim athygli.

Samdi alls konar verk

Rétt eins og annar frumkvöðull í raftónlistinni, Magnús Blöndal Jóhannsson, var Þorkell fjölhæft tónskáld. Hann gat samið allt mögulegt annað en framúrsteftu. Hann var með næma tilfinningu fyrir hinu lagræna, gat spunnið upp úr sér himneskar melódíur. Hann samdi tónlist fyrir leikhús, og kirkjur – alls konar tækifæri. Sálmar hans eru margir ódaudleg snilld. Heyr, himnasmiður mun lifa með þjóðinni um ókomna tíð. Það er einn fegursti sálmur íslenskra tónbókmennta.

Þorkell átti ekki langt að sækja áhugann á kirkjutónlist. Faðir hans var Sigurbjörn Einarsson biskup. Nú veit ég ekki hvernig uppeldi Þorkell fékk en það hefur örugglega verið mjög menningarlegt! Hann hóf ungur tónlistarnám, byrjaði í Tónlistarskólunum í Reykjavík, svo lá leiðin til Bandaríkjanna. Hann sótti líka sumarnámskeið í Darmstadt, sem var gríðarlega mikilvægur vettvangur tónskálda eftir stríð. Þar heyrði hann t.d. fyrirlestira hjá Pierre Boulez og György Ligeti, tveimur risum tónlistaraldarinnar sem leið. Þessir menn höfðu mikil áhrif á hann.

Húmor var oft kveikjan

Eitt megineinkenni Þorkels sem tónskálds var húmor. Sumar tón-

smíðarnar hans voru tækifærisverk eins og áður sagði. Þær byggðust oft á bröndurum. Yfirleitt var það einkahúmor sem tengdist viðkomandi flytjendum og þeim aðstæðum sem urðu til þess að verkið var pantað.

Gallinn við brandara er að þeir hættu fljótt að vera myndir. En það var auðvitað líka alvara á ferðum, meira að segja í tónverkum sem byrjuðu á skensi. Framvindan, úrvinnslan og atburðarásin í þessum sömu verkum var yfirleitt áhugaverð og grípandi. Og þegar best tókst til var innblásturinn auðfundinn.

Caput hópurinn hélt nýlega tónleika sem var eins konar þverskurður af starfsævi Þorkels. Það voru frábærir tónleikar. Þarna voru nokkur þessara tækifærisverka og maður fékk góða innsýn í það hvernig þau urðu til. Eitt þeirra var tríó fyrir píanó, fíðlu og selló. Það hét Þrjú andlit úr látbragðsleik. Hugmyndina að nafninu fékk Þorkell þegar hann sá fyrst andlit hljóðfærleikaranna sem áttu að frumflytja tríóið á sínum tíma. Þau voru mjög ólík. Þá kviknaði hugmyndin að semja tríó þriggja mismunandi radda. Raddirnar voru jafn ólíkar og andlit hljóðfærleikaranna. Svo runnu þær saman í lokin í afar mögnuðum lokakafli.

Hófsöm en djúp tónlist

Tónmál Þorkels var fremur fingert, hann kom meiningu sinni yfirleitt til skila með höfsemi. Það voru ekki mikil átök í tónlistinni hans. Engu að síður var dýptin oft auðmerkjanleg. Mér eru sérlega minnisstæðir tónleikar þar sem Vladimir Ashkenazy stjórnaði verki eftir hann fyrir allmörgum árum síðan. Það hét Sumartónar. Þar rifjaði Þorkell upp bernskuminningar sínar, m.a. frá róluvellinum á Freyjugötunni. Í takt við það hljómaði tónlistin barnlega einföld, en aldrei barnaleg. Hnitmiðaðar tónahendingar komu fyrir aftur og aftur án þess að það virkjaði einhæft. Tímasetningar á mismunandi atburðum í tónlistinni voru sannfærandi. Það var einhver ójarðnesk gleði yfir öllu saman sem var svo hrífandi. Fá tónskáld ná að galdra fram slíka stemningu.

Ég þekkti Þorkel ekki sérlega vel sem persónu. En hann virtist vera þægilegur, viðkunnlegur maður. Hans verður sárt saknað.



Bók
mánaðarins
í Hagkaup

2.699
KYNNINGARVERÐ

FIMMTÍU SKUGGAR FRELSIS

Þriðja og síðasta bókin í þrjúleik EL James um kitlandi ástríður og litróf grárra skugga sem hefur slegið vinsældamet um allan heim.

HAGKAUP

Ein færð betra verð

STUÐ VORS LANDS

24. mars kl. 20⁰⁰
í Eldborgarsal Hörpu

TÓNLEIKAR

SAGA DÆGURTÓNLISTAR Á ÍSLANDI

Miðasala á harpa.is og í síma 528 5050

1944 til 1959

Saga dægurtónlistar á Íslandi verður rakin í nýrri og glæsilegri tónleikaröð. Á þessum fyrstu tónleikum af sex verða flutt lög frá árunum 1944 til 1959 – Litla flugan, Bjartar vonir vakna, Við gengum tvö og fleiri perlor sem seint líða úr minni.

24. mars í Hörpu

FLYTJENDUR

AGÚSTA EVA
ERLENDSDÓTTIR

Guðrún
GUNNARSDÓTTIR

Valdimar
GUÐMUNDSSON

SIGTRYGGUR
BALDURSSON

RAGGI BJARNA

útsamt

ÁLFTAGERDISBRÆÐRUM

Miðasala hefst í dag

Hitaðu upp fyrir tónleikana með því að lesa bókina „Stuð vors lands“ eftir Dr. Gunna.

 HARPA

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FÖSTUDAGUR 08. FEBRÚAR 2013

Sýningar

18.00 FUGL, Félag um gagnrýna list, opnar sýningu í Slippnum, hárgreiðslustofu á Skólavörðustíg 25a. Sýningin er á verkum Helgu Þórsdóttur og ber hún heitið Einbýlishús 64°8.

20.00 Hönnunarsafn Íslands opnar sýninguna Innlit í Glit. Þar má finna muni frá Leirbrenslunni Glit hf. frá árunum 1958-1973.

Hátíðir

15.00 Vetrarhátíðin Magnað myrkur heldur áfram í Reykjavík. Dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni vetrarhatid.is.

20.00 Safnanótt verður haldin víða á höfuðborgarsvæðinu. Dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni vetrarhatid.is

Umræður

20.00 Ljóðahópur Gjábakka heldur málstofu um ljóð á Vetrarhátíð Reykjavíkur í Árbæjarsafni. Skáld kynna sig og lesa lítið ljóð, auk þess sem Þórður Helgason dósent kynnir helstu bragarhætti og myndmál. Aðgangur er ókeypis.

Málþing

15.00 Seðlabanki Íslands stendur fyrir málstofu undir yfirskriftinni Viðbrögð við bankahruninu á Íslandi: Var til betri leið? Málstofan verður haldin í Sölvhóli, fyrirlestraral Seðlabankans, og er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.

Tónlist

12.00 Flutt verða lög eftir fjögur íslensk kventónskáld á hádegisstónleikum í Háteigskirkju. Sigurlaug Arnardóttir og Þóra Björk Þórðardóttir flytja lög þeirra Ólufar Finsen, Guðmundu Nielsen, Ingunnar Bjarna-

dóttur og Maríu Brynjólfsdóttur. Miðaverð er kr. 1.000.

20.00 Hátíð tileinkuð kammertónlist eftir Felix Mendelssohn hefst í Salnum, Kópavogi. Ari Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Agnarsson og Nína Margrét Grímsdóttir spila lög hans á þrennum tónleikum yfir helgina.

21.00 Hljómsveitin Endless Dark stígur á svið á neðri hæð Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Snorri Helgason heldur tónleika í stofunni á Gljúfrasteini. Aðgangur er ókeypis.



22.00 Hljómsveitin Mannakorn heldur tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.900.

22.00 Hljómsveitin Mood heldur tónleika á Café Rosenberg, Klapparstíg. Blússveit Reykjavíkur opnar kvöldið.

22.00 Magnús Einarsson, Eðvarð Lárússon og Sara Blandon halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Fyrirlestrar

20.00 Í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22 verður fluttur fyrirlestur Sigvalda Hjálmarssonar um Rödd þagnarinnar, af mynddiski.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Djöflabaninn Dante snýr aftur

TÖLVULEIKIR ★★★★★

DmC: Devil May Cry

Capcom. Fánlegur á: PC, PS3 og Xbox

Djöflabaninn Dante snýr aftur í hjakk- og högggleiknum DmC: Devil May Cry, sem er fimmti leikurinn í Devil May Cry-leikjaseríunni. Spilarinn stjórnar Dante, sem er hálfur engill og hálfur djöfull. Dante býr yfir yfirnáttúrlægum kröftum sem hann notar til að berjast gegn djöflum sem vilja drepa hann.

Leikurinn gerist í borginni Limbo City. Henni er stjórnað af djöflum sem hafa náð að heilapvo almúgann. Djöflarnir halda sig í annarri vídd en mannfólkið og geta aðeins þeir sem búa yfir ofurnáttúrlægum kröftum, líkt og Dante, séð og barist við þá.

Spilun leiksins er í grófum dráttum mjög svipuð og í öðrum hjakk- og högggleikjum þar sem spilarinn hjakkast á stjórn-tökkunum til að framkvæma brögð og sigrast á óvininum. Dante getur framkvæmt fjöldann allan af brögðum og þjónar hvert þeirra sínum tilgangi; til dæmis eru þung högg góð gegn öflugum óvinum og hröð högg eru gagnleg þegar barist er við marga djöfla samtímis. Takkarunurnar sem spilarinn þarf að muna eru nokkuð einfaldar en það er lítið mál að stoppa leikinn og rifja upp brögðin ef þau gleymast.

Það er aldrei dauður punktur í leiknum, sem er stútfullur af hasar, og fær spilarinn að berjast við margar stærðir og gerðir af djöflum og vígalega endakarla. Það er ekki aðeins mikið úrval óvina sem gerir leikinn fjölbreyttan heldur einnig allar þær uppþærsur sem Dante öðlast í



DEVIL MAY CRY „Það er aldrei dauður punktur í leiknum ...“

gegnum leikinn sem gera hann sterkari og brögðin fjölbreyttari.

Grafík leiksins er góð en það er fyrst og fremst hinn gotneski og ævintýralegi stíll leiksins sem gerir útlit hans áhugavert. Staðirnir sem Dante heimsækir eru fjölbreyttir og er gaman að sjá hve ólík svæðin eru og hvernig litir og lýsing eru notuð til að lífga upp á umhverfi leiksins. Hröð elektro-tónlist í boði Noisia og Combichrist nær svo að framkalla frábæra töffara- og hasarstemningu sem eykur innlifunina enn frekar.

Helsti galli DmC er hve stuttur hann er en það tekur rétt yfir

tíu klukkustundir að klára söguþráðinn. Auk þess er leikurinn heldur einfaldur í spilun á hefðbundnu erfiðleikastigi, en það er boðið upp á erfiðara stig fyrir þá sem vilja meiri áskorun. Auk þess er fjöldi falinna hluta í leiknum sem getur lengt líftíma hans um nokkra klukkutíma. Á heildina lítið eru gallar leiksins þó smávægilegir miðað við kostina.

Bjarki Þór Jónsson

NIÐURSTAÐA: DmC er hraður og fjölbreyttur hjakk- og högggleikur sem býður upp á fyndna frasa, góða sögu og enn betri spilun.

Drífandi vinnufélagi

Þú færð Mercedes-Benz Citan fyrir aðeins 830 kr. á dag*

Mercedes-Benz Citan er kröftugur vinnubíll með allt að 800 kg burðargetu. Hann er líka sérlega sparneytinn, eyðir aðeins frá 4,6 l/100 km í blönduðum akstri. Komdu í Öskju og kynntu þér þennan spennandi valkost fyrir vinnandi fólk.



Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

* Citan 109 KA, kaupverð 2.844.622kr (án VSK). Afborgun á mánuði 24.867 kr. m.v. 50% innborgun og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,70% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,98%.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

Áskorun til alþingismanna

Ferðaklúbburinn 4x4 skorar á Alþingi að leggja nú þegar til hliðar frumvarp til laga um náttúruvernd og vanda betur til verka. Íslenskur almenningur og íslensk náttúra á betra skilið en hugmyndir af því tagi sem nú er ætlunin að festa í lög.

Við vekjum athygli á eftirfarandi sjónarmiðum:

- » Frumvarp til náttúruverndarlaga, ef samþykkt verður, felur í sér breytingar sem munu stórskada ferðamennsku á Íslandi og gera almenningi illkleift að ferðast um landið sitt.
- » Í frumvarpinu er ekkert tillit tekið til fatlaðra, aldraðra, fólks með ung börn eða annarra sem geta ekki farið um hálendið fótgangandi. Sérstakt horn er haft í síðu fólks sem ferðast um á eigin bílum.
- » Ekkert raunverulegt samráð var haft við samtök útivistarfólks eins og Ferðaklúbbinn 4x4 við gerð frumvarpsins. Þar með voru sjónarmið þúsunda fjallamanna og náttúruunnenda sniðgengin.
- » Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra falið vald til geðþóttaákvæðana, s.s. að banna umferð ákveðinna hópa sem hann telur að geti valdið öðrum óþægindum. Við teljum slíka stjórnarhætti tímaskekkju.
- » Almenn er frumvarpið hroðvirknislega unnið. Ljóst er að þúsundir náttúruunnenda eru afar óánægðir með það og telja að með samþykkt þess væri stórt óheillaskref stigið í þá átt að loka hálendi Íslands fyrir almenningi.



Ferðaklúbburinn 4x4



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



459
KR. 1.2 KG

FROSIN JARÐARBER 1.2 KG



198
KR. 330ml

LÍFRÆNT KÓKOSVATN 330ml



198
KR. 330ml

ENGIFERDRYKKUR



398
KR. 1 kg

LÍFRÆNT SPELTHVEITI
FÍNT OG GRÓFT



598
KR. 1 KG

FROSID MANGÓ Í BITUM 1 KG



198
KR. 425g

MAUKAÐIR TÓMATAR



398
KR. 340g

HNETUSMJÖR FÍNT OG GRÓFT



598
KR. 425ml

AGAVE SÍRÓP



298
KR. 500g

TRÖLLAHAFRAR



229
KR. 1 kg



359
KR. 2 stk

2 STK. BÓNUS
FERSKAR RJÓMABOLLUR



159
KR. 1 stk

BÓNUS HAFRAKÖKUR



259
KR. 10 stk

KLEINUR 10 STK.



695 KR.PK

NAUTAVEISLU NAUTGRIPA-
HAMBORGARAR m/brauði 4 stk./80g



659 KR. KG



1295 KR.KG

NAUTAVEISLU NAUTGRIPAHAKK

**ÓDÝRUSTU
KJÚKLINGA-
BRINGURNAR
Í BÓNUS**


EUROSHOPPER
900 gr frosnar
KJÚKLINGABRINGUR
1579 KR. 900gr



Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

BÓNUS EKKERT BRUÐL

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BLANDAÐ SALTSKERT SALTKEJÖT



998 KR. KG

ÍSLANDSLAMB: **BLANDAÐ SALTKEJÖT SALTSKERT**

Gottverð í Bónus



195 KR. KG

ÍSLENSKAR **GULRÓFUR**



298 KR. KG

KJÖTVINNSLA AKUREYRAR **SALTADIR SÍÐUBITAR**



1898 KR. KG

SLÁTURFÉL. SUÐURLANDS **VALIÐ SALTKEJÖT**



498 KR. KG

KJARNAFÆÐI **SALTKEJÖT BLANDAÐ 2. FL.**



1798 KR. KG

KJARNAFÆÐI **VALIÐ SALTKEJÖT**



598 KR. KG

BÚRFELL **BLANDAÐ SALTKEJÖT**

Gottverð í Bónus

BOLLUDAGUR 11 FEB. SPRENGIDAGUR 12 FEB.

Gottverð í Bónus



259 KR. STK

KJARNA **SULTUR** 400gr



398 KR. STK

SÍRÍUS **KONSÚM SÚKKULADI** 300gr



295 KR. STK

GÓÐ-KAUP **SUÐUSÚKKULADI** 300gr



398 KR. 14 STK

BÓNUS **TILBÚNAR VATNSDEIGSBOLLUR** 14 STK.



298 KR. STK 10% AFSLATTUR VIÐ KASSA

268 KR. 400ml

BÓNUS **RJÓMI** 400ml



198 KR. 280gr

BÓNUS **BOLLUGLASSÚR**



198 KR. 250ml

EUROSHOPPER **PEYTIRJÓMI** 250ml

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititengda **VILDARPUNKTA** VISA Vildarklöbbur

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BIÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR!
Tilboð í bió. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
ZERO DARK THIRTY 6, 9
THE LAST STAND 5.45, 8, 10.15
HÁKARLABEITA 2 4
VESALINGARNIR 8
DJANGO UNCHAINED 10.50
THE HOBBIT 3D 4
HVÍTI KÓALABJÓRNINN 4

SAMBÍÓIN Sambio.is

"STALLONE IS BACK TO HIS BEST"
★★★★★

CLASSIC TALE
NEW TWIST

STALLONE BULLET TO THE HEAD
HANSEL AND GRETEL
PARKER
GANGSTER SQUAD
MONSTERS INC
THE IMPOSSIBLE
JACK REACHER

SPARABÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BIÓAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELÐ SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
ZERO DARK THIRTY	KL. 4.30 - 8 - 11.10	KON-TIKI	KL. 5.30 - 8 - 10.30
ZERO DARK THIRTY LÚXUS	KL. 8 - 11.10	LINCOLN	KL. 5.50 - 9
DJANGO	KL. 8 - 10.20 - 11.10 LÚXUS KL. 4.30	DJANGO	KL. 10
LINCOLN	KL. 5	VESALINGARNIR	KL. 5.50 - 9
LAST STAND	KL. 8 - 10.40	LIFE OF PI 3D	KL. 5.20
VESALINGARNIR	KL. 4.30	BORGARBIÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
HÁKARLABEITA 2	KL. 3.20	ZERO DARK THIRTY	KL. 8 - 10.40
THE HOBBIT 3D	KL. 4.30	LINCOLN	KL. 5.20
LIFE OF PI 3D	KL. 8	THE LAST STAND	KL. 8
		VESALINGARNIR	KL. 5.20

Útvarpsvænni Sin Fang

TÓNLIST ★★★★★

Sin Fang

Flowers
MORR MUSIC

Flowers er þriðja plata Sin Fang í fullri lengd en að auki hafa komið út nokkrar stuttskífur, m.a. EP-platan Half Dreams sem kom út í fyrri. Sin Fang er sólóverkefni Sindra úr Seabear. Hann samdi sjálfur lög og texta á nýju plötunni en fékk Alex Somers til að stjórna upptökum. Alex hefur sem kunnugt er tekið upp efni með Jónsa, Sigur Rós og Pascal Pinon.

Sindri er mikill hljóðversnill- ingur. Á fyrri Sin Fang plötunum skapaði hann magnaðan hljóð- heim með þéttofnum og hug- myndaríkum útsetningum. Hann heldur uppteknum hætti á nýju plötunni. Mörg þau einkenni sem Sindri þróaði á fyrri plötunum eru enn til staðar, t.d. flottar radd- útsetningar, skemmtilegar takt- pælingar og litríkar hljóðmyndir. Samt er nýja platan töluvert frá- brögðin þeim fyrri. Á Flowers eru lagasmíðarnar sjálfar sterkari. Löggin eru melódískari og meira grípandi. Það háði fyrri plötunum svolítið, sérstaklega Summer Echoes, að lagasmíðarnar voru ekki nógu markvissar.

Það eru mörg frábær lög á Flowers. Upphafslagið, Young Boys, er t.d. smellur sem ætti að



FLOWERS „Mörg þau einkenni sem Sindri þróaði á fyrri plötunum eru enn til staðar, t.d. flottar raddútsetningar, skemmtilegar taktþælingar og litríkar hljóðmyndir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

svínvirka bæði í útvarpi og á tónleikum. Sunbeam er annað grípandi lag og See Ribs er ekta indírokksmellur með flottum „syngja-með“-kafla. Löggin hafa hvert og eitt sín einkenni. Lokalagið Weird Heart skiptir til dæmis um takt eftir fyrstu einu og hálfu mínútuna. Lagið Feel See er í sérstöku uppáhaldi hjá mér, en í því er útsetningin einstaklega frjó, full af óvæntum smáatriðum. Það er erfitt að gera sér alveg grein fyrir áhrifum Alex Somers á plötunni, en mér finnst

lagið Catcher t.d. hafa einkenni sem eigna má honum. Það er eitt- hvað við það sem minnir á Jónsa- plötuna. Það verður að segja það Alex til hróss að þær plötur sem hann hefur komið að undanfarið eru allar góðar.

Á heildina litið er Flowers frábær plata. Að mínu mati besta plata Sin Fang til þessa.

Trausti Júlíusson

NIÐURSTAÐA: Sindri í Sin Fang með sína bestu og aðgengilegustu plötu til þessa.



ÁNÆGÐUR John Mayer er hamingjusamur með Katy Perry.

NORDICPHOTOS/GETTY

Mayer er hamingju- samur með Katy

John Mayer kveðst ánægður á öllum sviðum lífsins.

John Mayer kveðst hamingju- samur á öllum sviðum lífsins, þar á meðal ástarlífsins. Þetta kemur fram í nýju viðtali við tímaritið Rolling Stone.

Inntur eftir því hvernig sam- band hans og Katy Perry gangi sagðist söngvarinn hamingju- samur. „Ég er hamingjusamur á öllum sviðum lífsins. Ég vil lifa mjög hefðbundnu lífi samhliða mjög óhefðbundinni dagvinnu minni,“ sagði hann.

Mayer segist ekki hafa upplifað

nein vandræði á stefnumótum sínum með Perry þrátt fyrir að ljósmyndarar sitji fyrir þarinu við hvert fótmál. „Eina vandamálið er þegar fólk merkir við hvar ég hef verið. Fólk veit þá hvar ég er þann daginn og ætli það sé ekki að reyna að átta sig á mér. Það brýtur ekki á einkalífi mínu. Fólk veit bara hvar ég var staddur, það er allt og sumt,“ sagði Mayer sem hefur átt í mjög opinberu sam- bandi við söngkonuna Katy Perry frá því í byrjun síðasta sumars.

Snoop vill leiða Celtic út

Rapparinn Snoop Dogg, sem kall- aði sig raunar upphaflega Snoop Doggy Dogg og breytti lista- mannsnafni sínu í Snoop Lion á síðasta ári, hefur óskað opinber- lega eftir því að fá að leiða leik- menn Glasgow Celtic út á völl- inn fyrir leik knattspyrnu-liðsins gegn Juventus í Meistaradeild Evrópu síðar í mánuðinum.

„Mig langar til að labba út á völlinn eins og lítill krakki með fána,“ segir Snoop. Hann er mikill aðdáandi Glasgow Celtic og lýsti nýverið yfir áhuga á því að kaupa hlutabréf í félaginu.



SNOOP DOGG Hættir ekki að lýsa yfir aðdáun sinni á Glasgow Celtic.

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus
Sími: 553 2075

Ódýrt í bió

TILBOÐ KL. 4
HÁKARLABEITA 2
THE HOBBIT
HVÍTI KÓALABJÓRNINN

LAUGARÁS BIÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BIÓ PARADÍS

KON-TIKI BESTA ERLANDA MYND ÁRSINS
HVELLUR - Morgunblaðið - Rás 2 - Fréttablaðið

FÖSTUDAGUR: KON-TIKI (12) 17:45, 20:00, 22:15
HOLY MOTORS (16) 20:00, 22:00
HVELLUR (L) 18:00, 20:00
XL (16) 18:00

BIÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.



JACK WHITE Rokkarinn ætlar að gefa út aftur gamla kántrí- og blústónlist.

Endurútgefin blústónlist

Jack White ætlar að gefa aftur út kántrí- og blústónlist frá því fyrir stríð hjá útgáfufyrirtæki sínu Third Man Records. Plöturnar verða gefnar út á vínyl og býst White ekki við því að græða peninga á uppátækinu. Í staðinn vonast hann til að sem flestir fái að njóta tónlistarinnar. „Þetta er mjög mikilvægt fyrir sögu Bandaríkjanna og líka mannkynssöguna,“ sagði hann við BBC 6 Music. Löggin eru 25 þúsund talsins og eru í eigu Document Records. White hlustaði á þessa tónlist þegar hann var unglingur og varð mikill aðdáandi kántrí- og blústónlistar.

Klikkaðasti trommarinn

Tímaritið Esquire hefur valið Ginger Baker, fyrrum trommara The Cream, sem klikkaðasta trommara rokksögunnar. Aðrir sem komust ofarlega á listann voru Keith Moon úr The Who, John Bonham úr Led Zeppelin, Topper Headon úr The Clash og Tommy Lee úr Mötley Crue.

„Trommuleikur hans var flókin, óttalaus og tilraunakenndur, rétt eins og hegðun hans þegar hann var ekki á tónleikum. Hann er áhugaverðasti og líklega klikkaðasti trommari heimsins,“ sagði Esquire um hinn 73 ára trymbil.



ÓMEÐVITUD Michelle Williams vissi ekki hver kærasti sinn, Jason Segel, var áður en þau tóku saman.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gafst upp á hælum

Leikkonan Michelle Williams ræddi opinskátt um samband sitt og gamanleikarans Jason Segel í nýlegu viðtali við tímaritið InStyle. „Hann er indæll. Ég áttaði mig ekki á því hver hann var þegar við tókum fyrst saman. Ég hafði séð kvikmyndina um Prúðuleikarana og hafði hugsað: „Ó, þetta er sætt.“ En í sannleika sagt vissi ég ekki að hann hafði þegar leikið í fjölda vinsælla gamanmynda og vinsælum sjónvarpsþáttaröðum,“ sagði Williams um kærasta sinn. Töluverður hæðarmunur er á þarinn en Segel er um 193 sentimetrar að stærð. Williams kveðst hafa gert tilraun til að minnka bilið á milli þeirra með því að ganga í hælum skóm. „Ég reyndi að klæðast hælum um hríð en það er ekki minn stíll og ég gafst upp að lokum.“

Elton syngur með Queens Of The Stone Age

Gamli milljónamæringurinn tók upp lag með Josh Homme, Dave Grohl og félagum í Los Angeles.

Elton John verður gestur á næstu plötu rokksveitarinnar Queens Of The Stone Age. Þetta staðfesti trommari sveitarinnar, Dave Grohl, í spjallþætti Chelsea Handler þar sem Grohl leysti þáttastýruna af í viku og tók meðal annars viðtal við Elton John.

„Ég var í Las Vegas og flaug til Los Angeles. Engelbert Humperdinck hafði sent mér virkilega sætt bréf þar sem hann bað mig um að syngja dúett með sér. Þar sem hann er hluti af minni sögu

gat ég ekki sagt nei við hann, svo ég fór og hljóðritaði lagið með honum. Svo keyrði ég nokkrar húsalengjur frá Engelbert til Queens Of The Stone Age, sem var dálítið „mindfuck“,“ sagði Elton í viðtalinu.

Þegar hefur verið staðfest að Trent Reznor, Mark Lanegan og Jake Shears úr Scissor Sisters verði gestir á væntanlegri plötu með Queens of the Stone Age. Sveitin mun leika á fjölda tónleikahátíða í sumar.



ELTON OG QUEENS Staðfestu samstarfið í spjallþætti vestra.

SKOPPU OG SKRÍTLA

í leikhúsinu

Leikhúsupplifun
með söng og dansi
fyrir börn frá 9 mán. aldri.

Ath! Síðustu sýningar

Skoppu og Skrítlu á leikhúsinu:
Sunnud. 10. febrúar
Sunnud. 17. febrúar
Sunnud. 24. febrúar
Tryggið ykkur miða strax.

Kíkið í heimsókn til skoppu og skrítlu á facebook

Borgarleikhúsið

Miðasölusími **568 8000** | borgarleikhus.is

ÚRSLIT

DOMINO'S-DEILD KARLA

NJARÐVÍK - GRINDAVÍK 84-96 (40-45)

Njarðvík: Nigel Moore 21 (7 frák./10 stoðs./7 stolnir), Elvar Már Friðriksson 18, Hjörtur Hrafn Einarsson 10, Ólafur Helgi Jónsson 9 Maciej Baginski 8, Marcus Van 7 (13 frák.), Ágúst Orrason 4, Óli Ragnar Alexandersson 3, Friðrik E. Stefánsson 2, Oddur Birnir Pétursson 2.

Grindavík: Samuel Zeglinski 30 (7 stoðs./5 stolnir), Aaron Broussard 17 (10 frák.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 17, Þorleifur Ólafsson 16, Jóhann Árni Ólafsson 15, Ryan Pettinella 1.

SNÆFELL - KR 110-104 (51-46)

Snæfell: Sigurður Á. Þorvaldsson 24, Jay Threatt 24 (11 stoðs.), Jón Ólafur Jónsson 19, Ryan Amaroso 17 (12 frák.), Sveinn Arnar Davíðsson 10, Hafþór Ingi Gunnarsson 10, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Ólafur Torfason 3.

KR: Brandon Richardson 20, Helgi Már Magnússon 17, Martin Hermannsson 16, Brynjar Þór Björnsson 16, Darshawn McClellan 12, Finnur Atli Magnússon 12, Kristófer Acox 6, Jón Orri Kristjánsson 5.

ÍR - SKALLAGRÍMUR 96-70 (52-32)

ÍR: Eric Palm 26, Nemanja Sovic 22, Sveinbjörn Claessen 18 (9 frák./5 stoðs.), D'Andre Jordan Williams 12, Ellert Arnarson 7, Hjalti Friðriksson 6, Vilhjálmur Theodor Jónsson 3, Þorgrímur Emilsson 2.

Skallagrímur: Carlos Medlock 32, Hörður Helgi Hreiðarsson 14, Páll Axel Vilbergsson 9, Orri Jónsson 6, Sigmar Egilsson 5, Trausti Eiríksson 2, Davíð Ásgeirsson 2.

KEFLAVÍK - KFÍ 111-102 (55-43)

Keflavík: Michael Craion 32 (15 frák./6 varin) Valur Orri Valsson 26 (8 frák./8 stoðs.), Billy Baptist 20, Darrel Keith Lewis 13, Snorri Hrafnkelsson 9, Magnús Þór Gunnarsson 8, Ragnar Gerald Albertsson 3.

KFÍ: Damier Erik Pitts 37 (8 stoðs./5 stolnir), Tyrone Lorenzo Bradshaw 22, Kristján Pétur Andrésson 15 (15 frák.), Mirko Stefan Virijevic 11, Hlynur Hreinsson 8, Jón Hrafn Baldvinsson 7, Leó Sigurðsson 2.

LEIKIR KVÖLDSINS

PÓR P. - STJARNAN
TINDASTÓLL - FJÖLNIR

KL. 19.15
KL. 19.15

55 kíló farin hjá Grétari Inga

Þorlákshafnarbúar eru stoltir af liði sínu í körfunni, ekki síst miðherjanum Grétari Inga Erlendssyni sem var 170 kíló fyrir tæpum tveimur árum en er nú kominn í toppform. Grétar er að ná sér góðum af meiðslum en ætlar sér að hjálpa Þórsurum að reyna að endurtaka ævintýrið frá því í úrslitakeppninni í fyrravor.

KÖRFUBOLTI Körfuboltaævintýrið í Þorlákshöfn er enn í fullum gangi og liðið tekur á móti Stjórnunni í kvöld í toppbaráttuslag í Dominosdeildinni. Grétar Ingi Erlendsson er 29 ára miðherji liðsins sem sannar að uppkoma körfuboltaliðsins er ekki eina „kraftaverkið“ tengt körfuboltanum í þessum rúmlega 1500 manna bæ.

Fyrir tæpum tveimur árum var Grétar Ingi hættur í körfubolta og kominn upp í 170 kíló á vigtinni en í dag vegur hann 115 kíló og hefur því létt sig um 55 kíló á rúmlega 20 mánuðum.

„Þegar konan var ólétt fór ég í einhvern pakka með henni. Ég hætti að æfa og fór að éta. Þetta varð alltaf meira og meira því maður gerði ekki neitt. Eftir smá tíma fór ég að hugsa hvað ég væri að gera mér því ég áttaði mig ekki á því hvað ég var orðinn stór og mikill. Ég sá jólamynd af okkur fjölskyldunni og þá fékk maður sjokk og kom niður á jörðina. Þá tók ég þá ákvörðun að ég ætlaði ekki að vera feiti pabbinn sem gat ekki tekið þátt í neinu,“ rifjar Grétar upp.

„Það fyrsta sem ég gerði var að byrja að hreyfa mig aftur. Ég fór og talaði við Benna (Benedikt Guðmundsson, hjálfa Þórslíðsins) sem þá var á sínu fyrsta tímabili með liðið. Hann var tilbúinn að leyfa mér að koma inn í þetta á mínum forsendum. Svo var það bara svo hrikalega gaman að maður gaf alltaf meira og meira í,“ segir Grétar.

„Það er búið að vera afskaplega skemmtilegt að sjá umbreytinguna. Eftir jólin varð ég að taka til í fataskápnunum því ég var farinn að vera í lörfum sem héngu utan á mér. Ég gaf fullt af fötum og það eru örugglega einhverjir ítur-vaxnir þriðja heims menn vel klæddir þessa dagana,“ segir Grétar Ingi og hann finnur mikinn mun inni á körfuboltavellinum.

„Það er miklu auðveldara að fara upp og niður völlinn og maður lyftir sér hærra, hleypur hraðar og þetta skilar gríðarlega miklu inni á vellinum. Maður gat ekki verið að keppa og æfa á þessu stigi þegar maður var að bera 170 kílóin og gerði ekki mikið þá,“ segir Grétar. Hann er að glíma við meiðslu í fæti þessa dagana og verður ekki með í næstu leikjum liðsins.

„Ég lenti í þessu líka í fyrra. Ég fór í hnénu og fór í aðgerð í desember. Ég kom þá inn í þetta í lok febrúar. Ætli þetta verði ekki eitthvað svipað þetta árið og svo hjálpar maður þeim að klára tímabilið og vonandi verður þetta eins og í fyrra og við förum alla leið,“ segir Grétar en Þórslíðið tapaði í lokaúrslitunum í fyrra á móti Grindavík.

„Strákarnir í liðinu eru duglegir að hjálpa til og hvetja mann áfram. Svo er fólk í bænum alltaf að koma til manns. Maður finnur það alltaf að fólk á töluvert meira í manni en utanbæjarstrákunum og útlendingunum. Þegar okkur heimastrákunum gengur vel fáum við alveg að vita það og heyra það. Við sjáum það í aukningu á áhorfendum og öðru því það skiptir töluverðu máli fyrir svona klúbb að vera með öflugum heimastráka,“ segir Grétar og Þorlákshafnarbúar gera verið stoltir af honum og liðinu sínu.

„Það er skemmtilegt að þessi litli klúbbur úti á landi er kominn í sömu umræðu og Grindavík og KR. Þetta er orðinn stór klúbbur í körfunni og er alltaf að vera stærri og stærri. Við finnum það hér í sveitarfélaginu hvað allir eru farnir að fylgjast vel með og hvað karfan er farin að skipta miklu máli hérna. Þetta er búið að vera rosa spennandi að fylgjast með þessu og gaman að fá að taka þátt í þessu,“ sagði Grétar að lokum.

ooj@frettabladid.is



ÖFLUGUR UNDIR KÖRFUNNI Grétar Ingi Erlendsson sést hér í leik á móti ÍR í vetur. Hann hefur skorað 11,4 stig að meðaltali á 21,2 mínútum í Dominos-deildinni á þessu tímabili. FRETATABLADIÐ/VALLI

Opinn fundur á Akureyri

Golfskálinn Jaðri í kvöld,
föstudaginn 8. febrúar kl. 20:00

Samtök útivistarfélaga, SAMÚT, efna til opins fundar í kvöld með útivistarfólki og fulltrúum stjórnmalaflokkanna. Þar verða rædd mál sem efst eru á baugi þessa stundina, m.a. frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi.

Á fundinum munu þessir fulltrúar svara nokkrum lykilspurningum:

- » Björt framtíð Brynhildur Pétursdóttir
- » Framsóknarflokkurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
- » Samfylkingin Sigmundur Ernir Rúnarsson
- » Sjálfstæðisflokkurinn Kristján Þór Júlíusson
- » Vinstri grænir Ólafur Þór Gunnarsson

Að lokinni stuttri framsögu þingmanna verður opnað fyrir umræður og spurningar úr sal.

Allir velkomnir!

Samtök útivistarfélaga - SAMÚT

ÚRSLIT

NI-DEILD KARLA

VALUR - AKUREYRI 24-24 (11-13)
Valur - Mörk (skot): Finnur Ingi Stefánsson 7 (8), Nikola Dokic 7/2 (19/4), Orri Freyr Gíslason 3 (4), Valdimar Fannar Þórssón 3 (6), Þórgímur Smári Ólafsson 2 (8), Vignir Stefánsson 1 (1), Magnús Einarsson 1 (4), Atli Már Báruson (1).
Varin skot: Hlynur Morthens 9 (18, 50%), Lárus Helgi Ólafsson 8/1 (23/2, 35%).
Akureyri - Mörk (skot): Bergvin Pór Gíslason 10 (15), Guðmundur H. Helgason 4 (9), Andri Snær Stefánsson 3 (3), Heimir Örn Árnason 3/1 (6/2), Geir Guðmundsson 3 (12), Garðar Már Jónsson 1 (1), Valþór Guðrúnarson (1).
Varin skot: Jovan Kukobat 15/2 (39/4, 38%).

AFTURELDING - FRAM 24-26 (11-15)
Afturelding - Mörk (skot): Jóhann Jóhannsson 7/1 (12/1), Sverrir Hermannsson 6 (10), Benedikt R. Kristinsson 3 (4), Hilmar Stefánsson 3 (6), Fannar Helgi Rúnarsson 2 (3), Helgi Héðinsson 2 (3), Hrafn Ingvarsson 1 (2), Prándur Gíslason (1), Pétur Júníusson (2).
Varin skot: Davíð Svansson 18/1 (43/3, 42%), Smári Guðfinnsson 2 (3, 67%).
Fram - Mörk (skot): Jóhann Gunnar Einarsson 7/1 (10/2), Róbert Aron Hostert 6 (12), Sigurður Eggertsson 4/1 (7/1), Garðar B. Sigurjónsson 3 (3), Ólafur Magnússon 3 (4), Arnar Snær Magnússon 1 (1), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (2), Elfas Bóasson 1 (3), Stefán Darri Þórssón (1), Ægir Hrafn Jónsson (1), Sigurður Örn Þorsteinsson (1).
Varin skot: Valtýr Már Hákonarson 12 (27, 44%), Magnús Erlendsson 3 (11/1, 27%), (1, 0%).

HK - ÍR 25-20 (9-15)
HK - Mörk (skot): Bjarki Már Elísson 6/2 (7/2), Daníel Örn Einarsson 5 (8), Garðar Svansson 4 (8), Tandri Már Konráðsson 4 (13), Bjarki Már Gunnarsson 2 (3), Vladimír Djuric 2 (3), Eypór Már Magnússon 2 (5), Jóhann Karl Reynisson (1), Atli Karl Bachmann (1), Ólafur Víðir Ólafsson (2).
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsón 9 (29/4, 31%).
ÍR - Mörk (skot): Sturla Ásgeirsson 9/4 (11/4), Ólafur Sigurgeirsson 3 (5), Máni Gestsson 2 (2), Björgvín Hólmgeirsson 2 (10), Brynjar Valgeir Steinarsson 1 (1), Davíð Georgsson 1 (1), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (3), Guðni Már Kristinsson 1 (4), Sigurður Magnússon (1).
Varin skot: Kristófer Fannar Guðmundsson 12 (28/2, 43%), Sebastian Alexandersson 7 (16, 44%).

Kolbeinn nær ekki metinu hans Péturs

FÓTBOLTÍ Það er ekki langt síðan Alfreð Finnbogason sló markamet Péturs Péturssonar yfir flest mörk Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi á einu ári en annað markamet kappans er öruggt í bili að minnsta kosti eftir leik Íslands og Rússa á Spáni á miðvikudagskvöldið.
 Kolbeinn Sigþórsson átti möguleika á því að jafna tæplega 23 ára met Péturs í Rússaleiknum en með því að skora hefði Kolbeinn skorað í sínum fimmta landsleik í röð. Pétur skoraði í fimm landsleikjum

í röð á árunum 1987 til 1990 en á þessum árum setti landsliðsþjálfari Íslands hann út í kuldann og því lék Pétur ekki landsleik í rúm tvö ár. Hann skoraði hins vegar tvö mörk þegar hann sneri aftur og enn fremur í þremur næstu leikjum á eftir.
 Kolbeinn var á móti Rússum að spila sinn fyrsta landsleik síðan í ágúst eða þegar hann skoraði bæði mörk Íslands í 2-0 sigri á Færeyjum. Hann hafði enn fremur skorað í þremur fyrstu leikjum sínum fyrir Lars Lagerbäck. - 66j



MÖRK Í FIMM LEIKJUM Í RÖÐ PÉTUR PÉTURSSON 1987-1990



MÖRK Í FJÓRUM LEIKJUM Í RÖÐ KOLBEINN SIGÞÓRSSON 2011-2012

Ísland-Noregur 2-1	1 (21. mín.)
Laugardalsvöllur 9. september 1987	
Ísland-Tyrkland 2-1	2 (52. og 69. mín.)
Laugardalsvöllur 20. september 1989	
Lúxemborg-Ísland 1-2	1 (16. mín.)
Esch 28. mars 1990	
Bermúda-Ísland 0-4	2 (4. og 88. mín.)
Hamilton 3. apríl 1990	
Bandaríkin-Ísland 4-1	1 (85. mín.)
St. Louis 8. apríl 1990	

Ísland-Kýpur 1-0	1 (4. mín.)
Laugardalsvöllur 6. september 2001	
Frakkland-Ísland 3-2	1 (34. mín.)
Valenciennes, 27. maí 2012	
Svíþjóð-Ísland 3-2	1 (26. mín.)
Gautaborg, 30. maí 2012	
Ísland-Færeyjar 2-0	2 (30. og 90. mín.)
Laugardalsvöllur 15. ágúst 2012	
Endir: Ísland-Rússland 0-2	Skoraði ekki
Marbella, 6. febrúar 2013	

12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
 PAR Á MEDAL
BESTI LEIKAR ÁRSINS - BESTI LEIKSTJÓRI ÁRSINS - BESTA MYND ÁRSINS
GOLDEN GLOBE - BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI DANIEL DAY-LEWIS

MYND EFTIR STEVEN SPIELBERG
LINCOLN
 DANIEL DAY-LEWIS

★ ★ ★ ★ ★ -R.P. MBL
 ★ ★ ★ ★ ★ -EMPIRE
 ★ ★ ★ ★ ★ -ROGER EBERT

MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI - NÚ Í BÍÓ

14 SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ sena

Verkir í hálsi og öxlum?

Verkastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!

Voltaren

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvíllar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi boríð á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetýlsalisísýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, olsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisísýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



Jói útherji

Opið til
16:00 á laugardag

www.joiutherji.is



Ármúla 36 - 108 Reykjavík - s. 588 1560 - joiutherji@joiutherji.is



Nike T90
Rooney

Torres

Puyol

Sneijder...

...en þú?



Nike CTR 360

Balotelli

A.Iniesta

Paul Pogba

Sergio Busquets

...en þú?

NIKE FOOTBALL



Mercurial lite legghlifar
Vinsælustu hlífarnar



adidas F50

Messi

v.Persie

Demba Ba

Sissoko...

... en þú?



adidas Predator

Xavi

T.Müller

Nani

DiMaria...

... en þú?



adidas



Real Madrid



AC Milan



Chelsea



Man. utd



Juve



Barcelona



Arsenal



Champions
League



Liverpool



Enski boltinn

Fótboltar fyrir öll tækifæri

FULL BÚÐ AF NÝJUM FÓTBOLTAVÖRUM

Handboltaskór
Körfuboltaskór
Eldri liðatreyjur

40 - 60% afsláttur

Jói útherji Ármúla 36 - 108 Reykjavík - s. 588 1560 - joiutherji@joiutherji.is

HELGIN



„Ég er að fara á frumsýningu á Lúkasi eftir Guðmund Steinsson.“

Petra Bender úr hlaupagenginu Run Dem Crew.

Efast um að dómgæslan verði fyrir valinu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sinnti starfi eftirlitsdómara á kvennaleik í handbolta.

Margir ráku upp stór augu þegar þeir sáu alþingismanninn Þorgerði Katrínu í hlutverki eftirlitsdómara á bikarleik Gróttu og HK í kvennahandboltanum í fyrrakvöld.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á dómgæslunni og mitt framlag til yngri flokkanna í FH er að ég dæmi alltaf reglulega þegar það er hóað í mig og mér finnst það alveg hrikalega skemmtilegt,“ segir Þorgerður Katrín, sem er komin í dómaranefnd HSÍ. Hluti af nefndarstarfinu er að sinna eftirlitsdómgæslu og var þetta í annað sinn sem hún sinnti því. „Mér finnst gaman að sjá ungt fólk taka framförum og verða að góðum dómurum. Það hins vegar vantar konur og ég sakna þeirra. En strákarnir

í gær [fyrrakvöld], Bjarki og Gunnar Óli, eru mjög efnilegir.“

Þorgerður hætta á Alþingi í vor eftir að hafa setið þar frá árinu 1999. Spurð hvort hún ætli að snúa sér enn frekar að dómgæslunni efast hún um það, því hún sé eingöngu áhugamál. „Að tengjast íþróttahreyfingunni er ótrúlega skemmtilegt og það er hægt að gera það á mismunandi hátt.“

Á ljósmyndinni sést Katrín rökraeda við aðstoðarþjálfara HK í leiknum gegn Gróttu. Allt fór þetta fram á rólegu nótonum. „Það er mjög eðlilegt að metnaðarfullir þjálfarar og aðstoðarþjálfarar hafi skoðanir á hinu og þessu, svo lengi sem það er ekki dónalegt. Menn komu sínum sjónarmiðum á framfæri á kurteisari hátt.“



RÖKRÆÐIR VIÐ ÞJÁLFARA Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í miðjum rökraedum. Ekki á Alþingi heldur á handboltaleik Gróttu og HK. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HYMNALAYA Auk Kristófers trommara skipa Hymnalaya bassaleikarinn Birgir Steinn Theódórsson, Einar Kristinn Þorsteinsson, Gísli Hrafn Magnússon, Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Eiríkur Rafn Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ókeypis Hymnalaya

Fyrsta plata Hymnalaya fæst gefins á vefsíðu hljómsveitarinnar. Hún hefur aldrei haldið tónleika.

Fyrsta plata Hymnalaya er fánleg án endurgjalds á vefsíðu hennar, Hymnalayamusic.com, frá og með deginum í dag. Þrátt fyrir útgáfuna hefur hljómsveitin aldrei spilað á tónleikum.

Trommarinn Kristófer Rodríguez Svónuson segir ástæðuna fyrir ókeypis plötunni og tónleikaleyfinu vera fólga í hugmyndafræði Hymnalaya. „Við höfum verið í nokkrum hljómsveitum saman og alltaf haft ákveðnar hugmyndir sem við náðum kannski ekki að framfylgja,“ segir Kristófer. „Þegar þetta band var stofnað fyrir rúmu ári settum við okkur markmið hvert við vildum

stefna og hvernig við ætluðum að fara að því. Það voru allir spenntir fyrir því að blessa fólk með því að gefa plötuna og bjóða því að blessa okkur á móti,“ segir hann og bætir við að hljómsveitin hafi ekki viljað spila á tónleikum fyrr en platan væri komin út. Þannig gæti hún einbeitt sér að einu verkefni í einu.

Hægt er að senda Hymnalaya peningastyrk á vefsíðunni í gegnum Paypal.com en Kristófer segir hljómsveitina ekki treysta á peninga annarra. „Þetta var allt borgað með námslánum og úr eigin vasa. Það er bara búinn að vera draumur okkar að gefa út þessa plötu.“

Flókið að púsla saman leikhúslífi og skóla

Birta Huga-Selmudóttir stígur sín fyrstu skref í atvinnuleikhúsi í leikritinu Nóttin nærast á deginum. Hún segist nú vera smituð af leiklistarbakteríunni.

„Þetta er mjög skemmtilegt og þroskandi og ég held að ég sé smituð af leiklistarbakteríunni,“ segir hin 15 ára Birta Huga-Selmudóttir. Hún leikur eitt aðalhlutverkanna í leikritinu Nóttin nærast á deginum sem var frumsýnt fyrir viku í Borgarleikhúsinu.

Leikritið er nýtt verk eftir Jón Atla Jónasson og skartar þeim Hilmari Jónssyni og Elfu Ósk Ólafsdóttur í aðalhlutverkum auk Birtu, sem hafði hvorki reynsu né tengingu við leikhúsið áður en hún var boðuð í prufu. Nú stígur hún sín fyrstu skref í atvinnuleikhúsi við góðar undirtektir. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leiklist, leikstjórn og kvikmyndagerð og get vel hugsað mér að starfa við það í framtíðinni,“ segir Birta sem stundar nám í 10. bekk í Austurbæjarskóla.

Hún segir að það hafi verið flókið að púsla saman náminu og vinnunni í leikhúsinu en að það hafi tekist með góðu skipulagi. „Þetta tekur alveg sinn tíma en það er líka mikill skóli að eyða tíma sínum uppi í leikhúsinu,“ segir Birta og vonar að bekkjarfélagar sínir séu stoltir af sér.

Birta vill ekki gefa of mikið uppi um hlutverkið sem hún leikur til að eyðileggja ekki fyrir þeim sem ekki hafa séð leikritið. Hún segist þó leika stúlku sem lendir í erfiðum aðstæðum. „Ég er mikið á sviðinu og þarf að beita líkamlegri tjáningu. Maður þarf alltaf að vera á tánum upp á innkomur og svona. Það er alveg álag en mjög skemmtilegt og fólkið í leikhúsinu er frábært.“

Birta viðurkennir að hafa verið örlítið stressuð fyrir frumsýninguna, en um leið og hún steig á svið gleymdist það fljótt. „Þá datt maður bara inn í leikritið og hlutverkið. Það virtust allir vera ánægðir eftir frumsýninguna.“ alfrun@frettabladid.is



MUNDI VIÐJA LEIKA AFTUR Birta Huga-Selmudóttir stígur sín fyrstu skref í atvinnuleikhúsi í leikritinu Nóttin nærast á deginum í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Birting grunnlýsingar

fyrir skuldabréfaútgáfu Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur birt grunnlýsingu fyrir skuldabréfaútgáfu bankans.

Grunnlýsingin, dagsett 7. febrúar 2013, er gefin út á ensku og birt á vefsíðu bankans:

<http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/>

Skjölín má nálgast á pappírformi hjá útgefanda,

Íslandsbanka hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík næstu 12 mánuði frá 7. febrúar 2013.

Reykjavík,
8. febrúar 2013

Ari flýgur aftur til Svíþjóðar

Uppistandanum Ara Eldjárn var boðið að hita aftur upp fyrir Johan Glans.

Sænski uppistandarinn Johan Glans hefur boðið Ara Eldjárn að hita upp fyrir sig á sex sýningum til viðbótar. Ari hefur þegar hitað upp fyrir Glans á átta sýningum og gekk það svo vel að nærveru hans var óskað á nýjan leik. Uppistandarinn flýgur út til Svíþjóðar í dag og verða sýningarnar haldnar um helgina fyrir framan tuttugu þúsund manns í handboltahöll í borginni Lundi.

„Þeir eru alveg að kveikja á þessu,“ segir Ari, spurður út í viðtökur Svíanna við uppistandi hans. Grínið er samt ekki sniðið að Svíunum heldur er það alþjóðlegt með norrænu ívafi.

Fyrir vikið verður Ari áfram fjarri góðu gamni frá uppistandssýningum Mið-Íslands í Þjóðleikhússkjallaranum. Þorsteinn Guðmundsson hleypur í skarðið fyrir hann eins og síðast. „Ég neyðist til að stíga til hliðar en Þorsteinn kemur í staðinn. Hann er orðinn staðgengillinn minn. Ég vonast til að geta leyst hann sjálfur af síðar,“ segir hann og hlær.

Ari gaf út Humar-gríndisk fyrir jól og seldist hann upp. „Hann var nú ekki gefinn út í svakalega stóru upplagi, kannski þrjú hundruð eintökum. Hann var bara viku í sölu og ég hefði kannski getað selt meira ef ég hefði gefið hann út fyrir.“



GENGUR VEL Í SVÍÞJÓÐ Uppistand Ara Eldjárn hefur fallið vel í kramið hjá Svíunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÓSKARSTILNEFNING & GOLDEN GLOBE TILNEFNING
BESTA ERLENDA MYND ÁRSINS

græna
ljósið

KVIKMYND EFTIR
JOACHIM ROENNING OG ESPEN SANDBERG

KON- TIKI

BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM



„Kon-Tiki er hreint út sagt mögnuð mynd í alla staði. Myndin sýnir þrek, hugrekki og hugvitssemi í sinni tærustu mynd og sýnir hvers fólk er megnugt þegar það leggur hug sinn og hjarta undir til þess að ná settu markmiði.“

- Vignir Jón Vignisson, Svarthöfði

RECORDED PICTURE COMPANY · NORWEGIAN FILM PRODUCTION · ARKONATACHTGRUPPEN · UCA PRODUCTIONS
© 2012 JOACHIM ROENNING & ESPEN SANDBERG · KON-TIKI · PÅL SVERRE HAGEN · ANDERS BAASAND CHRISTIANSEN · THOMAS SANTELMANN · GUSTAV SKARSGÅRD · BODI-MAGNUS WILLIAMSON · JAKOB OTTEHO · ASNES KITTelsen · JOHAN SØDERHOLST
· BAARD HAUGAN · HENRIK TSEN · TORBJØRN HINGE · PERRY FRØSKEN · MARTIN STOLT · ANNE KAUPIANG · KARE JULIUSSEN · GØR HARTLY ANDREASSEN · LENA HAUGAARD · HENRIK ZIN · PETER WATSON · JOHAN CAR STENGEN
· DAVID SUTER · CHRISTOPH DANIEL · MARC-SCHROEDER · LONE KRUGLUND · PETER SKAVLAN · HARALD ZWART · LARS BLOMCHEN · PETER SKAVLAN · JEREMY THOMAS · ANGE ABERGE · JOACHIM ROENNING · ESPEN SANDBERG

WWW.KONTIKI.COM/KONTIKIFILM · IFA · TV · FACEBOOK.COM/KONTIKIFILM

FRUMSÝND Í DAG Í HÁSKÓLABÍÓI OG BÍÓ PARADÍS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spila með Vampire Weekend

Of Monsters and Men, sem nýlega spilaði í Ástralíu, hefur tilkynnt um tvenna áhugaverða tónleika í apríl og maí. Fyrri tónleikarnir verða á Cosmopolitan-hótelinu í Las Vegas þar sem hljómsveitin verður aðal-númerið ásamt bandarísku indírokk-urinum í Local Natives. Þeir síðari verða í bænum Morrison í Colorado þar sem **Nanna Bryndís Hilmarsdóttir** og félagar spila með annarri bandarískri indísvetit, Vampire Weekend. Sú heimsþekta sveit komst á topp bandaríska Billboard-listans fyrir þremur árum með sinni annarri plötu, Contra.




Spila með Vampire Weekend

Náttúrubarnið Gunnar Nelson

Bardagakappinn Gunnar Nelson býr sig nú af krafti undir UFC-slaginn við Jorge Santiago sem fer fram á Wembley í London hinn 16. þessa mánaðar. Gunnar var meðal annars við keppnisæfingar í höfuðstöðvum Mjölnis í vikunni þar sem hann tókst á við Írann Cathal Pendred. Pendred og Gunnar eru með sama þjálfara, John Cavanagh, en Pendred er að búa sig undir titilbardaga í Cage Warrior í næsta mánuði.

Meðal þeirra sem fylgdust með rímmunni var Bubbi nokkur Morthens, sem er að vinna upphitunarþátt fyrir Stöð 2 Sport. Bubba fannst víst mikið til Gunnars koma og sagði að þar færi augljóslega mikið „náttúrubarn“ í bardagabransanum. - fb, - þj



Mest lesið VÍSIR

- 1 Eiginmaður flúraði nafn sitt á andlit konu sinnar
- 2 Lögreglan kom í veg fyrir voðaverk í nótt
- 3 Gaf dómaranum fingurinn
- 4 Íslenski milljónamæringurinn þarf ekki að borga skatt af vinningnum
- 5 Fundu veski og síma Grétars í fjörunni



Fiskislóð 39

Opið alla virka daga

kl. 10–18

og laugardaga kl. 11–15



FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ
FORLAGSINS

SÓFADAGAR Í DORMA

Kíktu við og gerðu góð kaup!



PARIS tungusófi

Aðeins kr. 199.900
Fullt verð 245.900

PÚ SPARAR
46.000
KRÓNUR

Stærð 308 x 153/90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.



MADRID tungusófi

Aðeins kr. 179.900
Fullt verð 229.900

Stærð 280 x 150/90 cm
Slitsterkt áklæði 3 litir svart beige og grátt

PÚ SPARAR
50.000
KRÓNUR

Stærð 230 x 150/85 cm. Slitsterkt áklæði í 4 litum. Grátt, ljósgrátt, svart og beige. Tunga getur verið beggja vegna. Aukahlutur á mynd: Höfuðpúði fullt verð 12.900. Nú aðeins 9.900.



STOCHOLM tungusófi

Aðeins kr. 189.900
Fullt verð 219.900

Stærð 280 x 150/90 cm
Slitsterkt grátt áklæði.

PÚ SPARAR
30.000
KRÓNUR



OSLO tungusófi

Aðeins kr. 139.900
Fullt verð 189.900



SIESTA svefnsófi

Aðeins kr. 115.900
Fullt verð 135.900

Stærð 192 x 85 cm
Slitsterkt svart áklæði

PÚ SPARAR
20.000
KRÓNUR



Siesta svefnsófi stærð dýnu 147x197 cm



MONTORIO svefnsófi

Stærð: 159 x 208 cm.
Slitsterkt svart áklæði

Aðeins kr. 79.900
Fullt verð 99.900

PÚ SPARAR
20.000
KRÓNUR



COPENHAGEN sófasett

3ja sæta sófi
Aðeins kr. 89.900
Fullt verð 119.900 Stærð: B180 x D87 x H80 cm

Slitsterkt grátt eða grænt áklæði

PÚ SPARAR
30.000
KRÓNUR

Stóll
Aðeins kr. 44.900
Fullt verð 59.900 Stærð: B80 x D87 x H80 cm

PÚ SPARAR
15.000
KRÓNUR

OPIÐ Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnud.aga kl. 13-16

DORMA

- býður góða nótt

Pöntunarsími 512 6800

www.dorma.is